

## **D Ó M U R**

**Héraðsdóms Reykjaness 26. nóvember 2010 í máli nr. S-553/2010:**

### **Ákærvaldið**

*(Kolbrún Benediktsdóttir fulltrúi)*

**gegn**

**Andra Vilhelm Guðmundssyni**

*(Ásbjörn Jónsson hdl.)*

**Gunnari Jóhanni Gunnarssyni**

*(Garðar Vilhjálmsson hdl.)*

**Gunnari Má Vilbertssyni**

*(Guðmundur Kristjánsson hrl.)*

**Markúsi Vilberg Kristínarsyni og**

*(Unnar Steinn Bjarndal hdl.)*

**Ólafi Darra Sturlusyni**

*(Stefán Karl Kristjánsson hdl.)*

Mál þetta, sem dómtekið var 29. október 2010, er höfðað með ákæru útgefni af ríkissaksóknara 24. júní 2010 á hendur Andra Vilhelm Guðmundssyni, kt. 000000-0000, Smáratúni 16, Reykjanesbæ, Gunnari Jóhanni Gunnarssyni, kt. 000000-0000, Akurbraut 44, Reykjanesbæ, Gunnari Má Vilbertssyni, kt. 000000-0000, Gígjuvöllum 12, Reykjanesbæ, Markúsi Vilberg Kristínarsyni, kt. 000000-0000, Smáratúni 48, Reykjanesbæ, og Ólafi Darra Sturlusyni, kt. 000000-0000, Hafnargötu 68, Reykjanesbæ, „fyrir neðangreind hegningar-, umferðar- og fíkniefnalagabrot framin í Reykjanesbæ föstudaginn 9. apríl 2010 nema annað sé tekið fram:

I.

*Gegn ákærðu Andra Vilhelm og Gunnari Jóhanni fyrir frelsissviptingu, stórfellda líkamsárás, og rán með því að hafa frá því klukkan 02 til 15, í sameiningu svipt A frelsi sínu, ítrekað veist að honum með ofbeldi, hótað honum áframhaldandi ofbeldi og frelsissviptingu yrði hann ekki við kröfum þeirra um peningagreiðslu vegna ætlaðrar skuldar hans og neytt hann til að leysa út lyf og til gripdeildar eins hér greinir:*

Ákærðu komu saman að [...] um klukkan 2 aðfaranótt 9. apríl og sviptu þar A frelsi sínu en ákærði Gunnar Jóhann tók í herðar og axlir A og skipaði honum að koma með ákærðu að dvalarstað ákærða Gunnars Jóhanns að Hólabraut 4 og hélt ákærði Gunnar Jóhann í A þar sem þeir gengu að heimili hans. Er þangað var komið veittust ákærðu að A í sameiningu með ofbeldi, slógu hann ítrekað með flötum lófa í andlitið, ákærði Andri Vilhelm sló hann einu höggi í andlitið með krepptum hnefa og skallaði hann einu sinni í höfuðið.

Á meðan á þessu stóð kröfðu ákærðu A um peningagreiðslu vegna ætlaðrar skuldar hans. Þessu næst skipaði ákærði Gunnar Jóhann A að fara inn í fataskáp í íbúðinni og hengdi ljóskastara með 400 W peru fyrir ofan höfuð A, kveikti á honum og lokaði A inni í skápnunum. Að því loknu sótti ákærði Gunnar Jóhann rafmagnssnúru, vafði um háls A, dró hann að rúmi í stofu íbúðarinnar og settist þar klovvega ofan á hann, vafði aukalykkju um háls A, herti að þar til A hafði nánast misst meðvitund og hótaði að drepa hann ef hann ekki útvegaði peninga. Meðákærði Ólafur Darri batt þessu næst fætur og bók A við stól í stofu með rafmagnssnúru, sbr. ákærulið II, ákærði Gunnar Jóhann límdi hendur hans saman fyrir aftan bak og límdi fyrir munn hans. Ákærði Gunnar Jóhann sló svo A einu höggi í bringuna með golfkylfu.

Um klukkan 10 um morguninn skipuðu ákærðu A að fara í útibú Landsbankans að Hafnargötu 57 í því skyni að fá yfirdrátt á tékkareikning sinn til að greiða ætlaða skuld. Ákærðu hótuðu A því að beita sambýliskonu hans ofbeldi ef hann ekki kæmi til baka. Er A kom til baka að Hólabraut 4 eftir árangurslausa ferð í bankann sló ákærði Gunnar Jóhann hann einu höggi í hnakkann með krepptum hnefa. Ákærðu fóru þessu næst með A í bifreiðina BI-198 sem ákærði Gunnar Jóhann ók um götur Reykjanesbæjar og að Lyfjum og heilsu við Suðurgötu 2. Þar neyddu ákærðu A til að leysa út lyfseðil á hans nafni fyrir lyfinu Alprazolam Mylan sem ákærði Andri Vilhelm greiddi fyrir og tóku ákærðu svo inn meirihluta þess. Ákærðu óku áfram um götur Reykjanesbæjar þar til þeir sáu verkfæratöskur fyrir utan bifreið á bifreiðastæði við leikskólann Heiðarsel við Heiðarbraut 27. Þar neyddu ákærðu A til að taka verkfærin og setja í bifreið þeirra og var því næst ekið að [...] þar sem lögregla kom að stuttu síðar og handtók A fyrir gripdeild.

Af öllu þessu hlaut A mar og eymsli á hnakka, mar á hálsi, innanverða neðri vör, á úlnliði og um ökkla og eymsli yfir bringubeini.

Telst þetta varða við 2. mgr. 226. gr., 2. mgr. 218. gr., 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

II.

*Gegn ákærða Ólafi Darra* fyrir hlutdeild í brotum meðákærðu Andra Vilhelms og Gunnars Jóhanns sbr., ákærulið I. Ákærði kom að Hólabraut 4 um klukkan 8, hann sló A tvisvar sinnum með flötum lófa í andlitið að skipun meðákærðu Gunnars Jóhanns, var viðstaddur þegar A var lokaður inn í skáp og rafmagnssnúra vafin um háls hans og hann krafinn um greiðslu peningaskuldar. Þá batt ákærði fætur og bók A við stól í stofu með rafmagnssnúru. Ákærði yfirgaf íbúðina á meðan A var enn bundinn við stólinn.

Telst þetta varða við 2. mgr. 226. gr., 2. mgr. 218. gr. og 252. gr., allt sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

### III.

*Gegn ákærðu Gunnari Má og Markúsi Vilberg* fyrir líkamsárás með því að hafa að Hólabraut 4 slegið A með flötum lófa í andlitið, ákærði Gunnar Már tvisvar sinnum og ákærði Markús Vilberg einu sinni.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981 og 110. gr. laga nr. 82/1998.

### IV.

*Gegn ákærða Andra Vilhelm* fyrir umferðarlagabrot með því að hafa ekið bifreiðinni BI-198 sviptur ökurétti, frá Sparisjóði Keflavíkur við Tjarnargötu að lögreglustöðinni við Hringbraut 130.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

### V.

*Gegn ákærða Andra Vilhelm* fyrir fíkniefnalagabrot, með því að hafa í vörslum sínum á Tjarnargötu við Sparisjód Keflavíkur, 2,01 g af kannabisefni er hann geymdi í vasa innan á jakka sínum, og lögregla fann við líkamsleit á honum sunnudaginn 23. maí 2010.

Telst þetta varða við 2., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. lög nr. 13/1985 og lög nr. 68/2001.

### VI.

*Gegn ákærða Gunnari Jóhanni* fyrir umferðarlagabrot með því að hafa ekið bifreiðinni BI-198 undir áhrifum ávana- og fíkniefna (amfetamín í blóði 180 ng/ml) frá Hólabraut 4 um götur Reykjanesbæjar þar til akstrinum lauk að [...].

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr. a, sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 66/2006.

## VII.

*Gegn ákærða Jóhanni Gunnari* fyrir hótun með því að hafa laugardaginn 10. apríl í fangaklefa á lögreglustöðinni við Hringbraut 130, hótað A lífláti en hótanirnar viðhafði ákærði í viðurvist fjögurra lögreglumanna.

Telst þetta varða við 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 125. gr. laga nr. 82/1998.

## VIII.

*Gegn ákærða Ólafi Darra* fyrir hótun með því að hafa laugardaginn 10. apríl í lögreglubifreið á leið annars vegar í Héraðsdóm Reykjanes og hins vegar að fangelsinu að Litla-Hrauni, hótada A ofbeldi en hótanirnar viðhafði ákærði í viðurvist tveggja lögreglumanna.

Telst þetta varða við 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 125. gr. laga nr. 82/1998.“

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Jafnframt er þess krafist að ákærði Gunnar Jóhann verði dæmdur til sviptingar ökuréttar skv. 101. og 102. gr. umferðarlaga, sbr. 25. gr. laga nr. 44/1993 og 18. gr. laga nr. 66/2006. Einnig er gerð krafa um að ákærði Andri Vilhelm verði dæmdur til að sæta upptöku á 2,01 g af kannabisefnum, samkvæmt heimild í 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974, sbr. lög nr. 10/1997 og 68/2001, sbr. 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001.

Í málinu gerir A, kt. 000000-0000, kröfu um að ákærðu verði dæmdir óskipt til að greiða honum miskabætur að fjárhæð 1.000.000 kr., auk vaxta samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 frá 9. apríl 2010 þar til mánuður er liðinn frá birtingu bótakröfunnar, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags. Þá er þess krafist að ákærðu verði dæmdir óskipt til greiðslu málskostnaðar.

Ákærði Andri krefst sýknu af I. og IV. ákærulið. Þá er gerð krafa um vægustu refsingu sem lög leyfa hvað varðar V. ákærulið. Jafnframt er þess krafist að bótakröfu verði vísað frá dómi en til vara að hún verði lækkuð. Enn fremur er þess krafist að gæsluvarðhald sem ákærði hefur sætt komi til frádráttar. Þá gerir verjandi kröfu um hæfilega þóknun sér til handa.

Ákærði Gunnar Jóhann krefst þess að hann verði sýknaður af I. ákærulið. Þá er þess krafist að bótakröfu verði vísað frá dómi en til vara að hún verði lækkuð. Enn fremur er þess krafist að gæsluvarðhald sem ákærði hefur sætt komi til frádráttar. Þá gerir verjandi kröfu um hæfilega þóknun sér til handa.

Ákærði Gunnar Már krefst þess aðallega að hann verði sýknaður. Til vara er þess krafist að ákvörðun refsingar verði frestað en til þrautavara er krafist vægustu refsingar er lög leyfa. Þá er aðallega krafist frávísunar á bótakröfu en til vara að hún verði lækkuð. Verjandi gerir kröfu um hæfilega þóknun sér til handa.

Ákærði Markús krefst þess aðallega að ákvörðun refsingar verði frestað en til vara er krafist vægustu refsingar er lög leyfa. Þá er aðallega krafist frávísunar á bótakröfu en til vara að hún verði lækkuð. Verjandi gerir kröfu um hæfilega þóknun sér til handa. Ákærði Ólafur Darri krefst þess aðallega að hann verði sýknaður en til vara að ákvörðun refsingar verði frestað. Til þrautavara er krafist vægustu refsingar er lög leyfa. Ákærði krefst aðallega frávísunar á bótakröfu en til vara að hún verði lækkuð. Þá gerir verjandi kröfu um hæfilega þóknun sér til handa.

Hinn 23. júlí 2010 var mál nr. 563/2010, sem var höfðað á hendur ákærða Andra með ákæru útgefinni 5. júlí 2010, sameinað þessu máli, sbr. heimild í 1. mgr. 169. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Þar er ákærða gefin að sök sérstaklega hættuleg líkamsárás með því að hafa sunnudaginn 31. maí 2009 utandyra við fjöleignarhúsið að Írabakka 2-16 í Reykjavík, slegið Eypór Kristjánsson með steini í andlitið með þeim afleiðingum að hann hlaut nefbrot, brot á vanga- og kinnkjálkabeini og skurði fyrir ofan vinstra augnlok og á nasavæng hægra megin.

Þetta er talið varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Fyrir liggur krafa Eypórs Kristjánssonar, kt. 000000-0000, um að ákærði verði dæmdur til að greiða honum miskabætur að fjárhæð 1.000.000 kr., auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001, sbr. 4. gr. laganna frá 31. maí 2009 til þess dags er mánuður er liðinn frá því bótakrafan var kynnt fyrir ákærða, en með dráttarvöxtum frá þeim degi samkvæmt 9. gr., sbr. 6. gr., sömu laga til greiðsludags. Þá er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða brotþola þjáningarbætur á grundvelli 3. gr. skaðabótalaga, samtals 24.150 kr., og skaðabætur að fjárhæð 34.595 kr. vegna útlagðs kostnaðar brotþola og greiðslu lögmannspóknunar við réttargæslu.

Ákærði Andri krefst sýknu af ákærinni. Jafnframt er þess krafist að bótakröfu verði vísað frá dómi en til vara að hún verði lækkuð. Enn fremur er þess krafist að gæsluvarðhald sem ákærði hefur sætt komi til frádráttar refsingu. Þá gerir verjandi kröfu um hæfilega þóknun sér til handa.

-

### Ákæra 24. júní 2010.

#### I.-III. ákæruliður.

##### I.

Hinn 9. apríl 2010 voru tveir lögglumenn að svipast um eftir bifreið vegna þjófnaðar á verkfærum fyrir utan leikskólann Heiðarsel í Reykjanesbæ. Í lögregluskýrslu segir að bifreiðin hafi fundist bak við [...] í Reykjanesbæ og í henni verið ákærði Andri og A. Ákærði Gunnar Jóhann hefði verið að gera við aðra bifreið með verkfærunum sem hefði verið stolið við leikskólann.

Lögglumennirnir hefðu rætt við ákærða Gunnar Jóhann sem hefði sagt að A hefði „reddað“ sér verkfærunum. Ákærði Gunnar Jóhann hefði svo farið að bifreiðinni sem A var í og sagt: „Stalstu verkfærunum tíkin þín.“ A hefði þá verið færður í lögreglubifreið og þar hefði hann skýrt frá því að hafa stolið verkfærunum. A hefði samþykkt húsleit á heimili sínu og lögglumennirnir farið með hann heim til kærustu sinnar, B, til að sækja lykil að íbúð hans. Er þeir hefðu verið heima hjá kærustu A hefði annar lögglumannanna heyrt á tal A og B. Hún hefði spurt hann hvar hann hefði verið um nóttina og A sagt að „Gunni hundur“ og Andri hefðu tekið hann með valdi og haldið honum heima hjá Gunna vegna skuldar. Í lögreglubifreiðinni hefði A svo greint frá því að hann skuldaði ákærða Gunnari Jóhanni 70.000 kr., en hann og ákærði Andri hefðu hækkað skuldina í 150.000 kr. Á heimili ákærða Gunnars Jóhanns hefði A m.a. verið keflaður í stól og band eða vír hert að hálsi hans. Í kjölfarið voru ákærðu Gunnar Jóhann og Andri handteknir.

A var yfirheyrður hjá lögglu sama dag, 9. apríl. Samkvæmt lögregluskýrslu skýrði hann frá því að hafa átt náðugt kvöld með kærustu sinni á heimili hennar kvöldið áður, fimmtudaginn 8. apríl. Þau hefðu fengið sér bjór og horft á sjónvarpið áður en þau fóru að sofa. Um nóttina hefðu þau orðið vör við læti niðri en það hafi verið barið að dyrum og B farið til dyra. Þetta hefði verið um klukkan hálf tvö eða tvö um nóttina. Hún hefði svo komið til baka og vakið A og sagt að tveir menn vildu tala við hann. Hann hefði farið í gallabuxur en verið ber að ofan og berfættur. Hann hefði farið að útidyrnum og ákærðu Andri og Gunnar Jóhann verið þar. Ákærði Gunnar Jóhann hefði sagt honum að koma með þeim og hann ætlað að gera það, en þegar hann hafi ætlað að fara inn í íbúðina til að fara í fleiri föt hefði ákærði Gunnar Jóhann skipað honum að fara í bleika skó af B. Þá hefði ákærði Gunnar Jóhann farið úr jakka sem hann var í og klætt hann í jakkann. Ákærði Gunnar Jóhann hefði svo tekið utan um hann með því að halda hendinni yfir herðarnar á honum og í öxlina. Ákærði Gunnar Jóhann hefði haldið þéttingsfast um A þannig að hann hafi ekki komist undan. Þá hefði ákærði Gunnar Jóhann skipað honum að koma með þeim. A sagði einnig að hann hefði hvort sem er ekki getað hlaupið undan þeim í skónum sem hann var í. Hann hefði áttað sig strax á erindi þeirra, en hann hefði skuldað ákærða Andra 70.000 kr. vegna fikniefna sem

hann hefði fengið viku áður og ákærði Andri verið búinn að reyna að ná í sig í nokkra daga vegna þess. A sagði að sér hefði ekki liðið vel og haft á tilfinningunni að hans biði ekki neitt kurteisisspjall. Ákærði Gunnar Jóhann hefði haldið sér nánast alla leiðina heim til ákærða. Um leið og þeir hefðu komið þangað hefðu ákærðu Gunnar Jóhann og Andri ráðist að A og ákærði Andri kýlt hann einu höggi í andlitið með krepptum hnefa. Svo hefði ákærði Gunnar Jóhann skipað honum að fara í annan þykkari jakka en þann sem hann var í. Þeir hefðu skipað honum að setjast í stól og sagt að hann þyrfti að finna leið til að borga þeim, en nú væri skuldin breytt. Úr því ákærði Gunnar Jóhann væri kominn í málið hefði bæst við skuldina og hún væri komin í 150.000 kr. Þeir hefðu sagt að hann ætti að þrifa hjá ákærða Gunnari Jóhanni en honum hefði ekki komið slíkt til hugar. Í íbúðinni hefðu þeir slegið hann ítrekað með flötum lófa í andlitið og látið hann setjast í stól í stofunni. Einnig hefði ákærði Andri skallað hann í höfuðið, en það hefði gerst áður en hann hafi verið settur inn í skáp. Þá hefðu þrír aðilar komið inn í íbúðina, ákærðu Ólafur Darri, Markús og Gunnar Már. Ákærði Gunnar Jóhann hefði sagt þeim að slá hann utan undir, upp á grín, með flötum lófa, og þeir allir gert það. Ákærðu Markús og Gunnar Már hefðu gert það einu sinni og ákærði Ólafur Darri tvisvar sinnum. Ákærði Markús hafi ætlað að heilsa honum en ákærði Gunnar Jóhann stoppað hann í því og sagt „þú tekur ekki í spaðann á honum“ og sagt honum að slá hann utan undir. Ákærða Markúsi hefði greinilega ekki liðið vel vegna þessa og ekki þorað annað en að hlýða. A kvaðst hafa verið óbundinn í stól þegar þetta gerðist. Ákærðu Markús og Gunnar Már hefðu svo verið reknir úr íbúðinni en ákærði Ólafur Darri verið eftir. A lýsti því að þá hefði ákærði Gunnar Jóhann skipað sér að fara inn í fataskáp á herbergisganginum. Ákærði Gunnar Jóhann hefði dregið sig að skápnum, opnað hann og sagt: „Drullaðu þér inn í skáp.“ Ákærði hefði svo sótt gróðurhúsalampa með um 400 eða 600 watta peru og fest hann fyrir ofan höfuð A og hann þurft að sitja þarna lengi, eða í um 60-90 mínútur. Ákærði hefði spurt hvort hann væri búinn að „finna lausn á þessu“ og spurt hvernig hann ætlaði að redda peningi fyrir þá. A hefði svarað neitandi og ákærði þá sagt að hann ætlaði að gefa honum kortér í viðbót til umhugsunar. Hann hefði sennilega beðið í 15 mínútur í skápnum eftir þetta. Ákærði hefði tekið myndir af honum á meðan en ákærðu Andri og Ólafur Darri hefðu verið að gera eitthvað í íbúðinni á meðan. A kvaðst ekki hafa þorað að fara út úr skápnum því hann óttaðist að verða laminn. Ákærði Gunnar Jóhann hefði svo farið inn í herbergi og sótt hvíta langa rafmagnssnúru, vafið henni einu sinni utan háls A og dregið hann að rúmi sem var í stofunni. Á sama tíma hefðu ákærðu Andri og Ólafur Darri verið í eldhúsinu. Ákærði Gunnar Jóhann hefði dregið hann með því að toga í rafmagnssnúruna. Í rúminu hefði ákærði Gunnar Jóhann sest kloffvega yfir ákærða Andra og látið aukalykkju af snúrunni um háls A og strekkt að. Þannig hefði hann byrjað að kyrkja hann með rafmagnssnúrunni. Ákærði Gunnar Jóhann hefði spurt hvort hann væri búinn að redda peningunum og A svarað neitandi. Þá hefði ákærði Gunnar Jóhann sagt „ég drep þig þá bara“ og hert meira að eða þar til A var við að missa meðvitund en þá hefði ákærði hætt. A hefði þá sagt að hann gæti kannski reddað peningum með því að hringja í ömmu sína. A sagði að ákærði Ólafur Darri hefði verið í íbúðinni þegar ákærði Gunnar Jóhann hafi verið að kyrkja hann. Í framhaldinu af því sem gerðist í rúminu hefði ákærði Ólafur Darri bundið A við stól í stofunni. Hægri fóturinn hefði verið bundinn með rafmagnssnúru við hægri fót á stólnum og vinstri fótur með sömu snúru við vinstri fót stólsins, en snúran hefði einnig verið vafin í kringum stólinn og um háls A. Ákærði Gunnar Jóhann hefði fest hendur A aftur fyrri bak með gráu sterku límbandi og látið sams konar límband fyrir munninn á honum. Þegar hann hafi verið bundinn við stólinn hefði ákærði

lamið hann í bringuna með golfkylfu þannig að hann missti andann og svo staðið ógnandi eins og hann ætlaði að berja hann aftur en ákærðu Ólafur Darri og Andri bannað honum að berja í fæturna þar sem hann þyrfti að geta gengið í bankann. Ákærði Ólafur Darri hefði reynt að róa ákærða Gunnar Jóhann niður á þessum tímamarki en ákærði Andri verið nokkuð æstur eins og ákærði Gunnar Jóhann. A hefði getað róað þá niður með því að segja að hann gæti kannski fengið pening hjá ömmu sinni sem búi í [...]. A hefði tvisvar hringt í hana úr síma ákærða Gunnars Jóhanns en hún ekki svarað. Golfkylfan hefði svo verið látin á stól sem var við hlið hans í stofunni. Ákærði Gunnar Jóhann hefði svo sest á stólarminn sem A var bundinn í og fengið sér „smók af jónu“, lagst yfir hann og sofnað. Ákærði Andri hefði þá tekið mynd af honum. Ákærðu Andri og Ólafur Darri hefðu svo farið út úr íbúðinni. Ákærðu Markús og Gunnar Már hefðu þá löngu verið farnir en þeir hefðu stoppað stutt við. Ákærði Andri hefði svo komið til baka um klukkustund síðar og tekið límbandið frá munni A, en ákærði Gunnar Jóhann hefði enn verið sofandi í fangi hans. Ákærða Andra hefði tekist að vekja Gunnar Jóhann. Þetta hefði verið um klukkan sjö eða átta um morguninn. Ákærðu Gunnar Jóhann og Andri hefðu sagt að það væri kominn ferðatími. Ákærði Andri hefði tekið mynd af A með sömu myndavél og ákærði Gunnar Jóhann notaði. Ákærðu Gunnar Jóhann og Andri hefðu skipað A að fara í Landsbankann til að fá yfirdrátt á reikning sinn. A hafi fengið til þess 20 mínútur en ef hann sneri ekki þá aftur myndu þeir ganga frá kærustu hans. Þetta hefði verið um klukkan 10. A hefði farið gangandi í bankann og ekki getað fengið yfirdrátt. Í bankanum hefði hann rætt við Dagmar þjónustufulltrúa og sagt henni að honum hefði verið haldið nauðugum um nóttina. Hann hefði verið barinn og þyrfti hjálp. Hún hefði ekki brugðist við því og hann því farið aftur heim til ákærða Gunnars Jóhanns og þá hefði ákærði slegið eða kýlt hann í hnakkann með krepptum hnefa og sagt að hann hefði átt að hringja í bankann en ekki fara þangað. Þeir hefðu svo farið þrír, A, ákærðu Gunnar Jóhann og Andri í bifreið ákærða Gunnars Jóhanns og ekið um Keflavík, m.a. að Lyfjum og heilsu. A sagði að þar hefðu ákærðu Gunnar Jóhann og Andri þvingað sig til að leysa út lyfseðil á nafni sínu. Ákærði Andri hefði farið með honum inn í apótekið en síðan hefði ákærði Gunnar Jóhann einnig komið inn. Ákærði Andri hefði borgað fyrir lyfið. Ákærðu Gunnar Jóhann og Andri hefðu svo gleypst töflurnar þegar þeir óku um en ákærði Gunnar Jóhann hefði gefið honum þrjár töflur. Þegar þeir hefðu ekið framhjá leikskólanum Heiðarseli hefðu þeir orðið varir við verkfæratösku á bifreiðastæði. Ákærði Gunnar Jóhann hefði ekið inn á bílaplanið, bakkað upp að töskunni og skipað A að taka hana. Hann hefði þá farið út úr bifreiðinni, tekið töskuna og sett hana í bifreiðina. Ákærði Gunnar Jóhann hefði þá sagt að hann væri kominn í vinnu hjá þeim. Ákærði Gunnar Jóhann hefði svo ekið í [...] í Keflavík og lögreglan komið að þeim um 15 mínútum síðar. A kvaðst hafa óttast um líf sitt og fjölskyldu sinnar meðan hann var í haldi ákærðu Gunnars Jóhanns og Andra og hann óttaðist þá enn.

Hinn 10. apríl 2010 lagði A fram kærú á hendur ákærðu fyrir þá háttsemi sem hann hafði lýst í framangreindi skýrslutöku hjá lögreglu.

A gaf einnig skýrslu hjá lögreglu 3. júní 2010 og skýrði m.a. frá því að ákærði Gunnar Jóhann hefði hótað því að reka skíðastaf í rass hans.

Við yfirheyrslu ákærða Andra hjá lögreglu 14. apríl 2010 skýrði hann frá því að hafa farið ásamt meðákærða Gunnari Jóhanni heim til A og spurt hvort hann vildi ekki koma með þeim því A hefði skuldað þeim pening og A samþykkt það.

Þeir hefðu gengið heim til meðákærða og spurt A hvort hann gæti reddað peningum og hann sagt að hann gæti athugað það. Þeir hefðu spurt A hvort hann gæti farið í banka og A gert það. A hefði svo komið til baka og sagt að hann gæti ekki reddað peningi, en ákærði hefði sagt að sér væri alveg sama hvernig hann reddaði peningi, hann yrði bara að redda honum. Eftir þetta hefði ákærði farið í spilakassa á Ránni og einnig í sjoppunni Brautarnesi. Ákærði kvaðst ekki hafa orðið var við að A hefði verið beittur ofbeldi umrædda nótt. Þá skýrði ákærði frá því að þeir hefðu farið á rúntinn og A keypt lyf. Lögreglan hefði svo komið sama dag og handtekið A. Ákærði kvaðst ekkert skilja í þessu máli. Um meinta skuld A sagði ákærði að hann hefði lánað A 70.000 kr. um tveimur vikum áður, en A hafi ætlað að kaupa fíkniefni af einhverjum og síðan selja þau. A hafi svo ætlað að borga ákærða til baka og þá eitthvað meira en 70.000 kr. A hefði átt að vera búinn að borga honum til baka en ekki gert það og ekki svarað símtölum frá honum. Aðspurður kvaðst ákærði hafa rúkað A eitthvað um 100.000 krónur. Hann hefði sagt A að hann yrði að átta sig á því að „þegar svona er gert má búast við að skuldin hækki“. Ákærði sagði að hann og meðákærði hefðu ekki verið neitt æstir þegar þeir fóru til A. Þá sagði ákærði að A væri með svipaðan líkamsvöxt og ákærði og því hefði hann tekið meðákærða með sér, ef það yrðu einhver slagsmál. Ákærði kannaðist ekki við að skuldin hafi verið komin í 150.000 kr. Ákærði hefði hækkað skuldina í 100.000 kr. og hann hafi ætlað að láta meðákærða fá 30.000 kr. sem bættust við skuldina. Meðákærði hefði sagt A að hann yrði bara að borga skuldina, það þýddi ekkert að svíkja fólk. Aðspurður kvaðst ákærði hafa átt hugmyndina að því að fara til A. Nánar um aðdraganda þess að ákærði og meðákærði fóru til A sagði ákærði að þeir hefðu neytt fíkniefna heima hjá meðákærða umrædda nótt. Þeir hefðu farið út og ætlað á skemmtistað en ekki fattað að búíð hafi verið að loka þeim. Á leiðinni heim til meðákærða hefðu þeir ákveðið að koma við hjá kærustu A og athuga með skuldina. Kærasta A hefði komið til dyra. Þegar A hefði komið til dyra hafi hann verið í buxum, jakka og skóm. Ákærði og meðákærði hefðu bara spurt hvort hann vildi koma með þeim og A bara samþykkt það. Þeir hefðu ekki þvingað hann til þess. Ákærði kvaðst ekki muna hvað þeir hefðu rætt á leiðinni heim til meðákærða og neitaði því að hann eða meðákærði hefðu beitt A ofbeldi. Ákærði sagði að meðákærðu Ólafur Darri, Gunnar Már og Markús hefðu komið heim til meðákærða Gunnars Jóhanns og þeir „döngluðu“ í A í andlitið með flötum lófa af því að meðákærði Gunnar Jóhann hefði sagt þeim að gera það. Fram að þeim tíma hefði ákærði, meðákærði Gunnar Jóhann og A bara setið saman og þeir spurt hvernig hann ætlaði að redda peningi. Ákærði kvaðst hafa slegið A með flötum lófa og meðákærði Gunnar Jóhann gert það sama. Ákærði neitaði því að hafa slegið hann með krepptum hnefa. Þá skýrði ákærði frá því að A hefði verið settur inn í skáp til að „hugsa málið“ og þeir svo sleppt honum úr honum. Ákærði kvaðst ekki muna hvort aðrir en hann og meðákærði Gunnar Jóhann hefðu þá verið í íbúðinni. Það hefði verið meðákærði Gunnar Jóhann sem hefði ákveðið að setja A í skápinn og gert það. Þá hefði það verið meðákærði Gunnar Jóhann sem setti gróðurhúsalampann í skápinn. Ákærði kvaðst hafa verið í stofunni meðan A var í skápnum. Aðspurður sagði ákærði að meðákærði Gunnar Jóhann hefði tekið A úr skápnum en hann viti ekki hvernig hann gerði það. Meðákærði Gunnar Jóhann hefði farið með A inn í stofu en ákærði muni ekki hvernig hann hefði gert það. Ákærði kvaðst ekki vita neitt um rafmagnssnúru. Ákærði sagði að hann hefði verið mjög „lyfjaður“ umrædda nótt. Hann hefði ekki séð meðákærða Gunnar Jóhann með rafmagnssnúru en hann hefði séð hann láta A í rúmið í stofunni og setjast ofan á hann og segja eitthvað, en ákærði muni ekkert meira en það. Eftir þetta hefði A sest í stól í stofunni og svo hefðu meðákærðu Gunnar Már og Markús slegið hann.

Ákærði kvaðst ekki vita hver hefði bundið A í stól, en hann hafi þá verið farinn út. Þegar ákærði hafi farið út hafi meðákærðu Ólafur Darri, Gunnar Már og Markús verið í íbúðinni ásamt meðákærða Gunnari Jóhanni og A. Aðspurður hvernig A hafi verið bundinn sagði ákærði að hann hefði verið bundinn með rafmagnssnúru, um brjóstkassann og fæturna. Ákærði kvaðst ekki hafa orðið var við að A hefði verið með límband þegar hann losaði hann úr stólnum. Þegar ákærði hefði komið aftur í íbúðina eftir að hafa brugðið sér frá hafi A verið bundinn í stólnum og ákærði svo losað hann. Enginn annar en meðákærði Gunnar Jóhann og A hefðu verið í íbúðinni þegar ákærði sneri þangað aftur, en sá fyrrnefndi hefði legið sofandi ofan á þeim síðarnefnda. Ákærði kvaðst ekki kannast við að A hefði verið laminn með golfkylfu. Um ferð A í Landsbankann sagði ákærði að hann hefði spurt A hvort hann gæti farið í bankann og reddað peningum og A ætlað að athuga það. A hefði einnig sagt að hann gæti hringt í ömmu sína. A hefði boðist til að fara í bankann og gert það. Ákærði neitaði því að A hefði verið hóttað ef hann færi ekki í bankann. Hvað varðar ferðina í Lyf og heilsu sagði ákærði að A hefði sýnt sér og meðákærða Gunnari Jóhanni lyfseðil sem hann var með og boðið þeim hann upp í skuldina. Ákærði kvaðst hafa greitt fyrir lyfin í versluninni.

Við yfirheyrslu lögreglu á ákærða Andra, hinn 1. júní 2010, vegna þjófnaðar á verkfæratösku við leikskólann Heiðarsel, kvaðst ákærði muna eftir að hafa verið með meðákærða Gunnari Jóhanni og A í bíl og þeir m.a. stoppað í Lyfjum og heilsu, en vegna fíkniefnaneyslu muni hann ekki eftir því að þeir hafi stoppað við leikskólann og tekið verkfæratösku.

Ákærði Gunnar Jóhann var yfirheyrður hjá lögreglu 14. apríl 2010 og skýrði frá því að hann hefði farið ásamt meðákærða Andra að heimili kærustu A. Hún hefði komið til dyra og þeir viljað fá að ræða við A og hann komið til dyra. Þeir hefðu rætt saman í góðu. Þeir hefðu „tjattað við hann og báðum hann um að koma með okkur og hann segir bara ekkert mál og hann kemur með okkur“. A hefði farið með þeim heim til ákærða og þeir rætt um skuld, en það hefði ekki verið neitt ofbeldi eða læti. Þeir hefðu allir neytt einhverra fíkniefna og A aldrei beðið um að fá að fara heim eða sagt að hann væri hræddur. Þá hefði A tekið umrædda verkfæratösku og ákærði ekkert komið nálægt því. Um ástæðu þess að ákærði og meðákærði Andri fóru til A sagði ákærði að A hefði skuldað einhverja peninga og ekki svarað í síma. Ákærði kvaðst ekki muna hvernig A hefði verið klæddur. Ákærði neitaði því að hafa látið A fá föt af sér en það gæti verið að hann hefði fengið einhver föt heima hjá sér. Nánar inntur eftir atvikum sagði ákærði að þeir hefðu setið heima hjá honum við drykkju. Ákærði neitaði því að aðrir hefðu komið þangað. Þá kvaðst ákærði ekki vita hvað A hefði skuldað mikið eða hvort skuldin hefði tekið breytingum. Ákærði kvaðst hafa rætt um það hvernig ætti að „afgreiða skuldina“ og fljótlega hafi komist niðurstaða um hvernig A ætti að gera það. Snemma um morguninn hafi þeir farið á rúntinn og A átt að vinna upp í þessa skuld hjá ákærða á bónstöð hans. Ákærði neitaði því að hann eða aðrir hefðu beitt A ofbeldi. Bornar voru undir ákærða myndir af A inni í skáp. Ákærði sagði að hann rámaði í þetta en þeir hefðu bara verið að fiflast og A ekki verið þvingaður á neinn hátt. Aðspurður hvort meðákærði Ólafur Darri hafi verið í íbúðinni sagði ákærði að það gæti vel verið því hann býi hálfpartinn hjá sér. Ákærði neitaði því að hafa haft í hótunum við A um kærustu hans eða sent hann í bankann. Þegar spurt var hvort ákærði hefði sett rafmagnssnúru um háls A kvaðst ákærði ekki muna það. Þá kvaðst ákærði ekki muna hvort A hefði verið bundinn við stól en sagði svo að hann hefði ekki verið það. Ákærði kvaðst hafa ekið bifreiðinni er hann, meðákærði Andri og A

fóru á rúntinn. Þeir hefðu m.a. farið í apótek til að leysa út einhver lyf sem A átti og þeir skipt þeim á milli sín. Ákærði neitaði því að hafa lamið A með golfkylfu. Ákærði kvaðst ekki telja sig vera ofbeldisfullan mann og sagði yfirheyrandi þá að menn gætu verið hræddir við ákærða vegna orðstírs hans. Ákærði sagði þá: „Þess vegna tel ég mig ekki hafa þurft að leggja hönd á þennan mann, ekki einu sinni. Bara út af því að ég veit alveg hver orðstír minn er, veit ég þarf ekkert að meiða neinn til þess að ...“. Yfirheyrandi skaut þá inn í orðunum „til að fá þá til að koma?“ og ákærði svaraði: „Nei, til að fá þá til að borga, bara einfalt mál. Stundum þarf bara að berjast í borðið til að fá peninga sína greidda, er það ekki. Þó þetta hafi ekki verið mínir peningar voru þetta peningar vinar míns.“ Ákærði var svo spurður hvað gerist ef menn borgi ekki og ákærði sagði: „Það bara skeður mjög sjaldan.“ Ákærða voru enn fremur kynntar upplýsingar lögreglu um að ákærði hefði sagt meðákærðu Gunnari Má og Markúsi að lemja A og sagði ákærði að þetta væri þvæla.

Ákærði Gunnar Jóhann var yfirheyrður á ný hjá lögreglu 19. maí 2010. Ákærði sagði að það væri rétt að meðákærði Ólafur Darri hefði einnig verið í íbúðinni, en hann hefði komið þangað um klukkan 4 um nóttina. Meðákærði Ólafur Darri hefði einu sinni slegið A með lófanum. Þá hefði meðákærði Andri slegið A einu sinni með flötum lófa. Inntur eftir því hvað meðákærði Andri hefði beðið ákærða um að gera varðandi skuld A sagði ákærði að meðákærði Andri hefði beðið sig um að koma með sér til A og tala við hann. Ekkert meira en það. Þegar A hefði komið til dyra hefði ákærði lánað honum jakka sinn. A hefði auk þess verið í eigin skóm og gallabuxum en verið ber undir jakkanum. Ákærði neitaði því að hafa haldið utan um A á leiðinni heim til sín. Borið var undir ákærða að meðákærðu Gunnar Már og Markús hefðu komið í íbúðina og slegið A að fyrirmælum ákærða. Ákærði kvaðst ekkert kannast við að þeir hefðu gert það. Þeir hefðu ekki verið lengi í íbúðinni og ákærði ekki viljað að þeir væru þar. Eftir að þeir fóru hafi ákærði, meðákærðu Andri og Ólafur Darri og A verið eftir. Nánar inntur eftir því þegar A var í skápnum sagði ákærði að honum hefði verið hent í skápinn í „djóki“. Það hefði verið ákvörðun þeirra allra og A farið sjálfur í skápinn. Ákærði hefði látið vinnulampa inn í skáp en það hefði ekki verið gert til að valda A skaða. Ákærði og meðákærðu Andri og Ólafur Darri hefðu staðið fyrir framan skápinn á meðan og hlegið eitthvað. A hefði svo farið sjálfur úr skápnum. Aðspurður hvort A hefði farið í skápinn eftir að honum var sagt að fara inn í hann sagði kvaðst ákærði hafa sagt honum að fara inn í hann. Um það hvort meðákærði Andri hefði aðstoðað ákærða við að setja lampann í skápinn sagði ákærði að meðákærði hefði rétt honum snúru til að hengja lampann upp. Ákærði sagði að A hefði ekki verið lengi í skápnum og eftir það hafi þeir rappað saman og haldið áfram drykkju, en þeir hefðu verið fjórir, þ.e. ákærði, meðákærðu Andri og Ólafur Darri og A. Ákærði neitaði því að hafa beitt rafmagnssnúru á A og kvaðst ekki muna eftir því að hann hefði verið bundinn við stól eða „teipaður“. Ákærði kvaðst hafa sofnað og þegar hann hefði vaknað hafi meðákærði Ólafur Darri verið farinn. Ákærði neitaði sem fyrr að hann hefði lamið A með golfkylfu, þvingað hann til að fara í bankann eða kýlt hann í hnakkann.

Ákærði Ólafur Darri var yfirheyrður hjá lögreglu 10. apríl 2010. Hann kvaðst hafa komið heim til meðákærða Gunnars Jóhanns ásamt meðákærðu Gunnari Má og Markúsi um klukkan átta um morguninn. Meðákærðu Gunnar Jóhann og Andri og A hefðu setið í stofunni og verið að „chilla“. Meðákærði Gunnar Jóhann hefði sagt að A ætlaði að „græja“ peninga sem hann skuldaði meðákærðu Gunnari Jóhanni eða Andra. Ákærði hefði verið þarna í um 25 mínútur

og svo hefði hann farið til Reykjavíkur. Ákærði neitaði því að hafa beitt A ofbeldi og kvaðst ekki kannast við að aðrir hefðu gert það.

Við yfirheyrslu 14. apríl 2010 sagði ákærði Ólafur Darri að klukkan hefði verið um sjö um morguninn er hann kom heim til meðákærða Gunnars Jóhanns ásamt meðákærðu Gunnari Má og Markúsi. Meðákærði Gunnar Jóhann hefði talað um að A skuldaði peninga en annars hefði ekkert verið að gerast á milli þeirra. Meðákærði Gunnar Jóhann hefði ekki viljað hafa meðákærðu Gunnar Má og Markús í íbúðinni og þeir því farið í burtu allir þrír, þ.e. ákærði, og meðákærðu Gunnar Már og Markús. Ákærði hefði farið með vinkonu sinni til Reykjavíkur. Þetta hafi verið um klukkan átta. Þeir hefðu verið í um hálf klukkustund í íbúð meðákærða Gunnars Jóhanns. Ákærði kvaðst hafa slegið A einu sinni með flötum lófa vegna þess að meðákærði Gunnar Jóhann hefði beðið hann um það. Meðákærðu Markús og Gunnar Már hefðu einnig slegið A en meðákærði Andri hefði beðið þá um það. Borið var undir ákærða að samkvæmt framburði meðákærðu Markúsar og Gunnars Más hafi ákærði verið eftir í íbúðinni þegar þeir fóru. Ákærði sagði þá að hann hefði farið úr íbúðinni um 10 mínútum á eftir þeim og á þeim tíma hefði ekkert komið fyrir A. Aðspurður kvaðst ákærði ekki vita til þess að A hefði verið settur í skáp, dreginn með rafmagnssnúru og hert að hálsi hans, bundinn við stól, barinn með golfkylfu eða þvingaður til að fara út í banka. Spurt var hvað þeim hefði farið á milli þegar ákærði var í íbúðinni og kvaðst ákærði hafa átt í einhverjum orðaskiptum við A. Ákærði hefði sagt að það væri best fyrir hann að borga skuldina. Þá hefði ákærði sótt vatnsglas fyrir hann og reynt að róa meðákærðu Gunnar Jóhann og Andra. Ákærði kvaðst ekki hafa vitað hverjum A skuldaði en taldi að hann hefði skuldað meðákærða Andra, en vissi ekki hversu mikið. Um líðan A sagði ákærði að sér hefði fundist sem það hefði farið ágætlega um hann en hann samt verið nokkuð hræddur þar sem meðákærðu Gunnar Jóhann og Andri hafi öskrað á hann að finna peninga o.þ.h. Ákærða hefði fundist eins og A liði aðeins betur við að hafa hann þarna þar sem hann hafi reynt að róa meðákærðu Gunnar Jóhann og Andra.

Þegar ákærði var yfirheyrður á ný 28. maí 2010 sagði hann m.a. að meðákærði Gunnar Jóhann hefði ekki beint beðið hann um að slá A. Ákærði hefði fremur gert það upp á sitt eindæmi vegna þess að honum líki ekki við A en hann hafi svikið fullt af fólki.

Ákærði Gunnar Már Vilbertsson skýrði frá því við yfirheyrslu hjá lögreglu 10. apríl 2010 að hafa verið með meðákærðu Ólafi Darra og Markúsi umrædda nótt. Ákærði hafi ætlað að fara á veitingastað og meðákærðu Ólafur Darri og Markús farið heim til meðákærða Gunnars Jóhanns. Ákærði hefði svo komið þangað og séð A sitjandi í sófa. Í skýrslutökunni sagði ákærði: „Gunnar sagði mér, hálfpartinn skipaði mér að slá A sem ég og þá gerði.“ Ákærði hefði slegið hann frekar laust með flötum lófa. Þegar þetta hafi átt sér stað hafi meðákærði Gunnar Jóhann verið „ber að ofan og var heldur ógnandi í framkomu eins og hann er vanalega“. Eftir að ákærði sló A hafi það verið ákvörðun meðákærðu Gunnars Jóhanns, Andra og Ólafs Darra að hann færi ásamt meðákærða Markúsi. Aðspurður hvort aðrir hefðu slegið A sagði ákærði að hann minnti að meðákærði Gunnar Jóhann hefði slegið A til að sýna hvernig ákærði ætti að gera það og meðákærði Ólafur Darri hefði slegið A einu sinni.

Þegar ákærða Gunnari Má var kynnt hjá lögreglu bótakrafa A, hinn 26. maí 2010, benti ákærði á að í kröfunni segi að ákærða hafi verið skipað að slá A, en hann muni ekki eftir því.

Ákærði Markús Kristínarson sagði við yfirheyrslu hjá lögreglu 10. apríl 2010 að hann hefði farið ásamt meðákærða Ólafi Darra heim til meðákærða Gunnars Jóhanns og meðákærði Gunnar Már komið þangað skömmu síðar. Meðan þeir voru þar hafi ákærða og meðákærða Gunnari Má verið skipað að slá A í andlitið. Ákærði kvaðst ekki muna hver hefði skipað honum að gera það. Ákærði hefði verið hissa, en þá hefðu meðákærðu Gunnar Jóhann, Andri og Ólafur Darri þrýst á hann að slá A. Ákærði hefði því slegið A með flötum lófa og alls ekki fast því ákærði hafi ekki haft neina ástæðu til að slá hann. Meðákærði Gunnar Már hefði svo slegið A. Fljótlega eftir þetta hefði meðákærði Gunnar Jóhann hent þeim út. Einnig skýrði ákærði frá því að þegar hann kom heim til meðákærða Gunnars Jóhanns hafi hann ætlað að heilsa A með handabandi en þá hefði annaðhvort meðákærði Gunnar Jóhann eða Andri bannað honum það.

## II.

Í læknisvottorði Jóns Tryggva Héðinssonar, vegna skoðunar 9. apríl 2010 á A, segir að A hafi verið áberandi andlega miður sín. Hann hefði verið með mar og eymsli á hnakka og sýnilegt far á hálsi hægra megin, strenglaga og rautt í „horisontal plani“. Þá hafi hann verið með mar á hálsi beggja vegna og mar á innanverðri neðri vör. Jafnframt hafi hann verið með eymsli við kyngingu og við þrýsting á barkakýli. Einnig hafi hann verið með veruleg eymsli við þrýsting á bringubein. Þá hafi hann verið með mar á úlnliðum „bilateralt“, og mar eða blæðingu undir húð á ökkla og striklaga fôr. Fram kemur í vottorðinu að A yrði í það minnsta 4-6 vikur að jafna sig að fullu á áverkum, en þeir muni líklega ekki verða varanlegir.

Fjöldmörg rannsóknargögn liggja fyrir í málinu. M.a. lagði lögregla hald á myndavél sem fannst í fórum ákærða Andra. Í henni voru myndir af A sem teknar voru 9. apríl 2010 á tímabilinu frá kl. 05:49 til 09:21. Á nokkrum myndum sést A sitjandi inni í skáp undir sterkum lampa og á tveimur myndum er hann bundinn um hálsinn við stól, með ákærða Gunnar Jóhann liggjandi þversum í kjöltu sinni. Einnig er ein mynd af ákærða Andra.

Í skýrslu tæknideildar lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, vegna DNA-rannsóknar, kemur fram að á límbandi sem fannst á heimili ákærða Gunnars Jóhanns hafi fundist munnvatn úr A. Einnig hefðu fundist líkamshár á límbandi en ekki hefði fundist DNA sem hægt væri að bera saman við einstakling.

## III.

Verður nú rakinn framburður ákærðu og vitna fyrir dómi.

Ákærði Andri sagði að A hefði skuldað sér 70.000 kr., en ákærði viti ekki hvað A hafi ætlað að gera við peningana. A hefði ekki greitt skuldina á þeim tíma sem hann hafi ætlað að greiða hana og ekki verið hægt að ná í hann í síma. Ákærði sagði að hann hefði verið „nýdottinn í það“ og búinn að neyta róandi efna og

kókaíns. Hann hefði farið ásamt meðákærða Gunnari Jóhanni til kærustu A og spurt hvort hann gæti borgað sér en hann ekki getað gert það. Þeir hefðu þá beðið hann um að koma með þeim og A svo bara gert það. Ákærði sagði að þetta hefði verið um morgun, um klukkan sjö. Þeir hefðu ætlað að fara á skemmtistað en það hafi verið búið að loka. Þá hefði þessi hugmynd vaknað um að fara til A. Aðspurður kvað ákærði enga sérstaka ástæðu fyrir því að þeir hefðu farið þangað tveir. Ákærði neitaði því að skuldin hefði hækkað og sagði að meðákærði Gunnar Jóhann hafi ekki átt að fá hlutdeild í skuldinni. Ákærði kvaðst ekki muna hvernig A hafi verið klæddur þegar hann kom til dyra en minnti að hann hefði verið í buxum og farið í einhvern jakka. Þeir hefðu gengið heim til meðákærða Gunnars Jóhanns og A ekki verið neitt þvingaður til að fara með þeim. Á heimili meðákærða hefðu þeir neytt fíkniefna, hlustað á tónlist og rætt við A. Ákærði sagði að þetta væri allt þokukennt þar sem hann hefði verið svo „lyfjaður“. Ákærði viðurkenndi að hann hefði slegið A einu sinni í andlitið með flötum lófa. Hann hefði verið pirraður út í A og fundist leiðinlegt hvernig hann hefði svikið sig. Ákærði hefði spurt hvort hann ætti pening og A ætlað að fara í banka, gert það og komið til baka. Ákærði hefði ekki beðið hann um að fara. Þegar ákærði var spurður hvort hann hefði eitthvað haft í hótunum við A hikaði ákærði í svari og sagði að „það væri bara þannig í þessum heimi að maður borgar skuldin sínar“. A hefði ekki verið hótad. Ákærði neitaði því að hafa kýlt A með krepptum hnefa eða skallað hann. Ákærði kvaðst ekki hafa séð A fara inn í skáp, en ákærði hefði þá verið inni í stofu og ekki vitað hvernig það kom til. Það hefðu engin átök verið þarna. Þetta hefði bara verið eitthvert djók. Ákærði kvaðst ekkert vita um lampa í skápnum. Þá kvaðst ákærði ekki hafa séð meðákærða Gunnar Jóhann draga A með rafmagnssnúru út úr skápnum, en hann hefði séð meðákærða liggja ofan á A í rúminu og ræða við hann. Ákærði kvaðst muna eftir því að A hefði verið bundinn í stól en ákærði hefði ekki verið í íbúðinni þegar hann hafi verið bundinn. Ákærði kvaðst vera spilafíkill og hann hefði farið í sjoppu að leika sér í spilakassa, en þar sé opnað um klukkan átta. Ákærði kvaðst ekki muna hverjir hefðu verið í íbúðinni þegar hann fór og hvort það hefði verið áður en meðákærðu Ólafur Darri, Gunnar Már og Markús komu. Þegar ákærði hefði komið aftur hafi meðákærði Gunnar Jóhann verið sofandi ofan á A sem var bundinn í stól. Ákærði kvaðst hafa tekið myndir af þessu. Þá sagði ákærði að meðákærðu Ólafur Darri, Gunnar Már og Markús hefðu slegið A einu sinni, en hann kvaðst ekki vita af hverju þeir hefðu gert það. Þeir hefðu verið í íbúðinni í stuttan tíma en meðákærði Ólafur Darri verið aðeins lengur en hinir tveir. Eftir að ákærði kom til baka úr sjoppunni hefði hann vakið meðákærða Gunnar Jóhann, leyst A og svo hefðu þeir farið á rúntinn. A hefði verið með lyfseðil og spurt ákærða hvort hann vildi fá lyfseðilinn og hvort hann ætti pening til að leysa hann út. Svo hefðu þeir étið töflurnar. Ákærði kvaðst ekki muna eftir því að hafa stoppað fyrir utan leikskóla og tekið verkfæratösku. Inntur eftir því hvort meðákærði Gunnar Jóhann hefði beitt A ofbeldi sagði ákærði að hann hefði slegið hann einu sinni með flötum lófa og rífið eitthvað í hann í rúminu. Borinn var undir ákærða framburður meðákærða Markúsar um að meðákærði Gunnar Jóhann hefði beðið hann um að slá A og sagði ákærði að það gæti verið rétt.

*Ákærði Gunnar Jóhann* kvaðst hafa verið við drykkju ásamt meðákærða Andra fyrir um kvöldið. Það hefði borið á góma að A skuldaði meðákærða pening. Þetta hefðu verið 150.000 kr. með vöxtum, en skuldin hefði upphaflega verið 70.000 kr. Ákærði kvaðst ekki hafa ætlast til þess að fá hlutdeild í peningunum en hann hefði alveg eins búist við því að meðákærði gerði eitthvað gott fyrir sig í staðinn. Þeir hefðu ákveðið að fara og ræða við A. Þegar þeir hefðu farið til hans,

um miðnætti, hefði kærasta hans komið til dyra og þeir spurt eftir honum. Þegar A hefði komið til dyra hefðu þeir spurt hvort hann vildi ekki koma með þeim heim til ákærða og fara yfir þessi mál. A hefði gert það og þeir farið yfir málið. Ákærði sagði að A hefði verið í buxum og ber að ofan þegar hann kom til dyra. Ákærðu hefðu ekki verið ögrandi eða haft í hótunum. Ákærði kvaðst hafa lánað A jakka sinn. Þá sagði ákærði að það hefðu verið vinahót að halda utan um A á leiðinni heim til ákærða. Heima hjá ákærða hefðu þeir rætt um skuldina og ekki hafi verið um neitt ofbeldi eða hótanir að ræða af sinni hálfu. Meðákærðu Ólafur Darri og Andri hefðu hins vegar löðrunað A einu sinni létt í kinnina til að fá hann til að hlusta. Ákærði sagði að meðákærði Ólafur Darri byggi hjá sér og hann hefði komið til að skipta um fót ásamt meðákærðu Gunnari Má og Markúsi. Ákærði neitaði því að hafa skipað meðákærðu Gunnari Má og Markúsi að slá A. Ákærði hefði beðið þá um að yfirgefa íbúðina þar sem honum væri illa við að hafa unga drengi innan um fíkniefni. Aðspurður kvaðst ákærði hafa sett A inn í skáp en það hafi verið djók. Þeir hafi bara verið að fíflast. Ákærði hefði kveikt á lampa inni í skápnum í smá stund og A hefði bara verið í skápnum í nokkrar mínútur. Meðákærðu Andri og Ólafur Darri hefðu verið inni í stofu á meðan. A hefði svo fengið sér sæti inni í stofu. Ákærði neitaði því að hafa sett rafmagnssnúru um háls A og dregið hann úr skápnum og inn í stofu. Þá neitaði ákærði því að hafa setið yfir A í rúminu. Ákærði kvaðst ekki geta skýrt áverka á hálsi A. Aðspurður kvaðst ákærði ekki muna eftir því að A hafi verið bundinn í stól. Á þeim tíma hafi ákærði verið sofandi eins og sjáist af mynd sem tekin var af honum. Þá neitaði ákærði því að hafa lamið A með golfkylfu. Ákærði kvað sig ráma í að A hefði farið í banka um morguninn til að fá yfirdrátt svo hann gæti greitt skuldina. Þá hafi allt verið orðið í góðu og hvorki ákærði né meðákærði Andri haft í hótunum við hann. Ákærði neitaði því að hafa slegið A í höfuðið þegar hann kom úr bankanum. Þá sagði ákærði að seinna um daginn hefðu þeir farið í apótek og náð í tösku. Einnig sagði ákærði að A hefði átt frumkvæði að því að fara í apótek og ákærði beðið í bílnum á meðan. Þeir hefðu allir tekið inn lyfin. Þegar þeir, þ.e. ákærði, meðákærði Andri og A, hefðu keyrt um hefðu þeir séð verkfæratösku og A stokkið út og tekið hana. A hefði ekki verið þvingaður til þess. Þegar borinn var undir ákærða framburður hans hjá lögreglu, um að vegna orðspors síns telji hann sig ekki þurfa að leggja hendur á A, sagði ákærði að hann hefði verið í mikilli óreglu í gegnum tíðina. Hann hefði ekki hagað sér eins og besti drengur og þetta hafi fylgt honum.

*Ákærði Gunnar Már* sagði að hann hefði farið heim til meðákærða Gunnars Jóhanns, en meðákærðu Ólafur Darri og Markús hefðu komið þangað á undan þeim. Um andrúmsloftið í íbúðinni sagði ákærði að það hefði verið eðlilegt. Ákærði viðurkenndi að hafa löðrunað A laust á kinnina tvisvar sinnum. Um ástæðu þess sagði ákærði að hann hefði verið undir áhrifum. Þetta hefði verið grín og A ekki gert neitt á móti. Þá sagði ákærði að Markús hefði slegið A utan undir. Ákærði kvaðst ekki vita ástæðu þess. Ákærði neitaði því að einhver hefði sagt honum að slá A. Aðspurður hvort meðákærði Gunnar Jóhann hefði verið ógnandi sagði ákærði að hann hefði ekki verið það. Ákærði kvaðst hafa stoppað stutt í íbúðinni eða í um 10 mínútur og meðákærði Ólafur Darri verið eftir í íbúðinni.

*Ákærði Markús* lýsti því að hann hefði komið heim til meðákærða Gunnars Jóhanns með meðákærðu Gunnari Má og Ólafi Darra. Ákærði kvaðst hafa slegið A einu sinni laust með flötum lófa í kinnina. Stuttu síðar hefði ákærði farið út með meðákærðu Gunnari Má. Ákærði kvaðst ekki vita af hverju hann hefði slegið A. Hann hefði verið undir áhrifum áfengis og ekki verið með réttu ráði. Honum hefði

ekki verið skipað að gera þetta en hann hefði verið undir þrýstingi. Ákærði kvaðst hafa verið í íbúðinni í um 10 mínútur. Þetta hefði verið um klukkan fimm um nóttina, en það gæti hafa munað um klukkutíma til eða frá.

*Ákærði Ólafur Darri* sagði að hann hefði farið heim til meðákærða Gunnars Jóhanns um klukkan sjö um morguninn. Ákærði kvaðst hafa slegið A tvisvar vegna þess að hann hefði farið illa með frænda sinn og svikið fullt af fólki. Þá hefðu meðákærðu Gunnar Már og Markús slegið A einu sinni og svo farið út. Ákærði kvaðst hafa sest niður og meðákærði Gunnar Jóhann og A hefðu rætt saman. Ákærði kvaðst hafa heyrt þá tala um peninga en ekki skipt sér af þessu. Aðspurður um hvað þeir hefðu rætt kvaðst ákærði hafa heyrt A stinga upp á að fara í bankann. Ákærði neitaði því að um hótanir hafi verið að ræða og meðákærðu verið „mjög góðir sko bara eins og venjulega“. Ákærði kvaðst ekki muna eftir því að A hafi verið inni í skáp og neitaði því að hafa bundið A við stól. Aðspurður kannaðist ákærði ekki við að hafa farið út úr íbúðinni ásamt meðákærða Andra. Borinn var undir ákærða framburður hans hjá lögreglu 14. apríl 2010, um að meðákærði Gunnar Jóhann hefði beðið hann um að slá A. Sagði ákærði að þetta væri ekki rétt og hann hefði logið hjá lögreglu. Aðspurður um ástæðu þess kvaðst ákærði ekki vita af hverju hann hefði verið að ljúga. Einnig var borinn undir ákærða framburður hans um að meðákærðu Gunnar Jóhann og Andri hefðu verið æstir og meðákærði Gunnar Jóhann verið ógnandi. Ákærði sagði að þetta væri ekki rétt. Ákærði kvaðst ekki geta skýrt af hverju hann hefði sagt þetta hjá lögreglu.

*Vitnið A* skýrði frá því að ákærðu Andri og Gunnar Jóhann hefðu sótt vitnið heim til kærustu þess og leitt það heim til ákærða Gunnars Jóhanns. Þeir hefðu látið vitnið setjast í stól og tuskað það eitthvað til. Svo hefðu þeir hent vitninu inn í skáp og sett lampa fyrir ofan það. Það hefði verið í einhvern góðan tíma en vitnið gat ekki sagt hversu lengi. Þegar vitnið hafi verið í skápnunum hefðu þeir tekið myndir. Ákærði Gunnar Jóhann hefði staðið fyrir utan skápinn og haldið á skíðastaf og hótað að reka hann í rass vitnisins. Þá hefði ákærði Gunnar Jóhann náð í rafmagnssnúru, vafið henni um háls vitnisins og dregið það inn í stofu og hent upp í rúm. Þar hefði ákærði hert snúruna um háls vitnisins og sagt því að redda peningum. Vitnið hafi sagt að það gæti rætt við ættingja sína í [...] og þá hefði ákærði sleppt takinu og lamið vitnið með golfkylfu. Ákærðu Ólafur Darri og Andri hefðu sagt ákærða Gunnari Jóhanni að lemja vitnið ekki í fæturna þar sem það þyrfti að labba í bankann. Svo hefðu þeir sett vitnið í stól og ákærði Ólafur Darri sótt snúru inn í herbergi og bundið vitnið við stólinn. Ákærði Ólafur Darri hefði svo farið út með ákærða Andra og ekki komið aftur. Ákærði Gunnar Jóhann hefði svo sofnað ofan á vitninu og verið þannig í um einn til einn og hálfan tíma. Um klukkan níu hefði vitnið farið í bankann til að reyna að fá yfirdrátt því ákærðu Andri og Gunnar Jóhann hefðu hótað að vinna fjölskyldu vitnisins mein. Vitnið hefði ekki fengið yfirdrátt og farið aftur heim til ákærða Gunnars Jóhanns en vitnið hafi fengið ákveðinn tíma til að fara í bankann, annars færi ákærði að berja kærustu vitnisins. Vitnið hefði því ekki þorað annað en að hlýða. Þegar vitnið hefði komið til baka úr bankanum hefði ákærði Gunnar Jóhann kýlt vitnið fyrir að hafa farið í bankann þar sem hann hefði frekar átt að hringja. Þá sagði vitnið að ákærðu Andri og Gunnar Jóhann hefðu slegið sig ítrekað um nóttina. Þeir hefðu síðar farið út í apótek og þeir látið vitnið taka út lyfin sín. Þá hefðu þeir á Heiðarbraut látið vitnið stökkva út úr bílnum og ræna verkfæratösku.

Vitnið sagði að aðdragandi málsins hefði verið sá að það skuldaði ákærða Andra 70.000 kr. vegna þess að það hefði fengið hjá honum amfetamín. Vitnið kvaðst hafa fengið sér svefntöflu og verið nýsofnað þegar ákærðu Andri og Gunnar Jóhann komu til vitnisins umrædda nótt. B, fyrrverandi kærasta vitnisins, hefði farið til dyra og sagt að tveir strákar væru að spyrja eftir vitninu. Þegar vitnið hefði komið til dyra hefði því dottið í hug að þeir væru komnir út af skuldinni. Vitnið sagði að sér hefði verið brugðið. Vitnið hefði verið í gallabuxum og verið bert að ofan. Ákærðu hefðu sagt vitninu að koma með þeim. Vitnið hafi ætlað að klæða sig en þeir neitað því um það og ákærði Gunnar Jóhann sagt vitninu að fara í skó af B og látið jakka utan um það. Vitnið sagði að það hefði ekki farið með ákærðu af fúsum og frjálsum vilja. Ákærði Gunnar Jóhann hefði gripið í öxl vitnisins og ekki sleppt. Vitnið kvaðst ekki hafa þorað að segja nei við ákærðu.

Nánar um atvik á heimili ákærða Gunnars Jóhanns sagði vitnið að ákærði Gunnar Jóhann hefði skallað vitnið. Þá hefði vitnið verið slegið með flötum lófa. Ákærðu Gunnar Már og Markús hefðu komið í íbúðina og sá fyrrnefndi slegið vitnið einu sinni vegna þess að ákærðu Gunnar Jóhann og Andri hefðu sagt honum að gera það. Þá hefði ákærði Markús slegið vitnið tvisvar vegna þess að ákærði Ólafur Darri hefði sagt honum að gera það og sýnt honum hvernig ætti að gera. Ákærðu Gunnar Már og Markús hefðu ekki verið lengi í íbúðinni. Þeir hefðu farið en ákærði Ólafur Darri verið eftir. Vitnið sagði að þeir hefðu verið í íbúðinni þegar skuldin hafi verið rædd. Vitnið taldi að ákærðu Gunnar Már og Markús hafi verið að fara þegar vitnið var sett í skápinn. Ákærði Gunnar Jóhann hefði sagt vitninu að fara inn í skápinn og það ekki þorað annað en að hlýða. Ákærðu Ólafur Darri og Andri hefðu verið inni í stofu á meðan en þeir hefðu vitað hvað væri í gangi. Ákærði Andri hefði t.d. komið og litið á vitnið í skápnum og verið við hlið ákærða Gunnars Jóhanns þegar hann tók mynd af vitninu. Vitnið sagði einnig að þegar ákærði Gunnar Jóhann hefði hert rafmagnssnúruna um háls sér í rúminu hefði það ekki náð andanum og sortnað fyrir augum. Ákærðu Andri og Ólafur Darri hefðu setið í stofunni og horft á þetta. Vitnið sagði að ákærði Gunnar Jóhann hefði límt hendur sínar fyrir aftan bak í stólnum og sett límband fyrir munn sér. Vitnið sagði jafnframt að í bankanum hefði það sagt þjónustufulltrúa frá því að sér hefði verið haldið um nóttina en hún sagði að hún gæti ekkert gert. Aðspurt hver hefði átt frumkvæði að því að fara í Lyf og heilsu minnti vitnið að það hefði verið ákærði Gunnar Jóhann en hann hefði skoðað í veski sitt. Ákærði Andri hefði greitt fyrir lyfin. Vitnið kvaðst ekki vita hvað hefði orðið um lyfin en það hefði sjálft tekið þrjár töflur. Um verkfæratöskuna sagði vitnið að ákærði Gunnar Jóhann hefði ekið fram hjá leikskóla á Heiðarbraut og farið inn á bílastæði þar þegar hann hefði séð verkfæratösku. Hann hefði sagt vitninu að fara út og taka töskuna. Vitnið hefði ekki þorað annað en að gera það. Þá hefði ákærði Gunnar Jóhann rætt um að vitnið væri komið í vinnu fyrir þá og ætti að vinna á bónstöð ákærða upp í skuldina. Vitnið kvaðst hafa verið svipt frelsi sínu allan þann tíma sem það var með ákærðu og það hefði óttast um líf sitt og heilsu. Vitnið sagði að það hefði verið hrætt um að ákærðu kæmu aftur eða einhverjir á þeirra vegum. Þá kvaðst vitnið hafa flutt úr Reykjanesbæ vegna atviks þessa.

*Vitnið B*, fyrrverandi kærasta A, greindi frá því að tveir menn hefðu bankað upp á um miðja nótt. Vitnið hefði farið til dyra og þeir spurt um A sem hafi farið til dyra í gallabuxum og ber að ofan. A hefði svo ekki komið aftur fyrr en um miðjan næsta dag og sagt að hann hefði verið sviptur frelsi sínu. Vitnið taldi að mál þetta

hefði haft áhrif á andlega líðan A.

*Vitnið Dagmar Róbertsdóttir*, starfsmaður í Landsbankanum, sagði að A hefði komið í bankann 9. apríl til að reyna að fá fyrirgreiðslu en það ekki gengið upp. Hann hefði sagt vitninu frá því að hann þyrfti að borga handdrukkum. Einnig hefði hann sagt frá því að hafa verið sviptur frelsi sínu og verið í haldi um nóttina. Vitnið kvaðst hafa séð áverka á hálsi hans og hann hefði greinilega verið í geðshræringu og verið hræddur. Vitnið hefði ekki merkt áfengislykt af honum. Vitnið staðfesti framburð sinn hjá lögreglu um að A hefði sagt að skuldin hafi verið 70.000 kr. en hún hefði verið hækkuð í 150.000 kr.

*Vitnið Þórdís Herbertsdóttir*, starfsmaður hjá Lyfjum og heilsu við Suðurgötu, lýsti því að hafa afgreitt A að morgni 9. apríl og tveir menn verið með honum. Vitnið kvaðst ekki hafa orðið vart við neitt óeðlilegt.

*Vitnið Ragnar Már Guðmundsson* lögreglumaður greindi frá því að hafa verið sendur að leikskólanum Heiðarseli vegna þjófnaðar á verkfæratösku. Sést hefði til bifreiðar og hluta af skráningarnúmerinu og vitnið svipast um eftir henni. Bifreiðin hefði fundist við [...] og í henni verið ákærði Andri og A. Við hlið bifreiðarinnar hafi verið önnur bifreið og ákærði Gunnar Jóhann verið að gera við hana með verkfærum úr töskunni. A hefði verið eins og barinn hundur og ekki þorað að tala eða hreyfa sig. Ákærðu Andri og Gunnar Jóhann hefðu ekki viljað kannast við að hafa tekið töskuna en A hefði sagt að hann hefði tekið töskuna. Þá hefði ákærði Gunnar Jóhann sagt eitthvað á þessa leið: „Stalstu töskunni helvítis tíkin þín.“ A hefði verið færður í lögreglubifreiðina og veitt heimild til húsleitar á heimili sínu. Hann hafi þurft að sækja lykil heim til kærustu A og vitnið farið með honum þangað og beðið í forstofunni. Á meðan hefði vitnið heyrt á tal þeirra og A segja: „Þeir eru búnir að halda mér í alla nótt.“ Í lögreglubifreiðinni hefði vitnið spurt hann hvort ákærðu Gunnar Jóhann og Andri hefðu haldið honum. A hafi í fyrstu ekki viljað tjá sig um það en svo skýrt frá því að hafa skuldað þeim 70.000 kr. en skuldin verið hækkuð í 140.000 eða 150.000 kr. Þá hefði hann sagt að þeir hefðu haft hann í haldi um nóttina.

*Vitnið Grímur Thor Bollason* lögreglumaður sinnti ásamt vitninu Ragnari Má Guðmundssyni lögreglumanni útkalli vegna þjófnaðar á umræddri verkfæratösku. Vitnið sagði að þegar A og ákærðu, Gunnar Jóhann og Andri, hefðu fundist við Grófina hefði A virst skelkaður. A hefði sagt að hann hefði tekið töskuna og síðar greint frá því að ákærðu hefðu haft hann í haldi um nóttina.

*Vitnið Jón Tryggvi Héðinsson* læknir sagði að A hefði verið með áverka á hálsi sem samrýmst því að einhverju hafi verið vafið um háls hans og hert að. Vitnið taldi að miklu afli hefði verið beitt og lokast hafi fyrir öndunarveg, en það gæti ekki sagt til um hversu lengi. Aðspurt um áverka á úlnliðum og ökkla sagði vitnið að það gæti samrýmst því að hann hafi verið bundinn, frekar en að honum hafi verið haldið. Þá kom fram hjá vitninu að ef maður er undir lampa eins og þeim sem var í skáp á heimili ákærða Gunnars Jóhanns byrjaði hann að fá 1. stigs bruna eftir 15-30 mínútur. Um andlegt ástand A sagði vitnið að hann hefði komið sér fyrir sjónir sem mjög sleginn maður, eins og hann hefði orðið fyrir áfalli en hann hefði borið sig vel.

*Vitnið Guðmundur Sigurðsson* rannsóknarlögreglumaður, sem stýrði rannsókn málsins, lýsti aðdraganda málsins og rannsókn þess. Þá kom fyrir dóm *Björgvin Sigurðsson*, sérfræðingur hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Ekki er ástæða til að rekja sérstaklega framburð þeirra.

IV.

*Niðurstaða í ákærulið I.*

Ákærðu Andri og Gunnar Jóhann neita sök. Framburður þeirra hefur verið reikull og oft á köflum með miklum ólíkindum. Mikið misræmi er í framburði þeirra hjá lögreglu og fyrir dómi án þess að þeir hafi gefið á því trúverðugar skýringar. Að mati dómsins er frásögn þeirra um atvik afar ótrúverðug og hún er ekki í samræmi við gögn málsins. Frásögn brotþola A hjá lögreglu og fyrir dómi hefur hins vegar verið staðföst og í samræmi við gögn málsins, s.s. læknisvottorð og muni sem fundust á vettvangi eins og rafmagnssnúra, límband o.fl. Metur dómurinn vitnisburð brotþola trúverðugan.

Óumdeilt er að ákærðu Andri og Gunnar Jóhann fóru að heimili þáverandi kærustu brotþola aðfaranótt föstudagsins 9. apríl 2010. Ástæða þess að þeir vitjuðu brotþola var sú að hann skuldaði ákærða Andra peninga vegna fikniefna. Samkvæmt vitnisburði brotþola, sem er í samræmi við framburð ákærða Gunnars Jóhanns fyrir dómi, var skuldin 70.000 kr. en ákærði Andri hækkaði hana í 150.000 kr. Ákærði Gunnar Jóhann sagði fyrir dómi að hann hefði ekki ætlast til þess að fá hlutdeild í peningunum en vænti þess að ákærði Andri myndi „gera eitthvað gott“ fyrir hann í staðinn. Brotþoli hefur lýst því að ákærðu Gunnar Jóhann og Andri hafi skipað honum að koma með þeim heim til ákærða Gunnars Jóhanns og hann hafi ekki farið með þeim af fúsum og frjálsum vilja. Við mat þess hvort ákærðu hafi svipt brotþola frelsi sínu verður að líta til þess að ákærðu komu um nótt til brotþola út af fikniefnaskuld og brotþoli fór heim til ákærða Gunnars Jóhanns ber að ofan, í of litlum skóm af kærustu sinni og í jakka af ákærða Gunnari Jóhanni. Þá hélt ákærði Gunnar Jóhann utan um brotþola á leiðinni en gefur þá fráleitu skýringu að um vinnu hafi verið að ræða. Enn fremur hefur komið fram að mönnum stafi ógn af ákærða Gunnari Jóhanni og er honum sjálfum kunnugt um það orðspor. Þá hafa ákærðu mikla líkamlega yfirburði yfir brotþola. Að öllu þessu virtu er sannað að ákærðu Gunnar Jóhann og Andri hafi svipt brotþola frelsi sínu eins og greinir í ákæru. Frelsissviptingin var bæði framin í ávinningsskyni og var langvarandi.

Ákærði Gunnar Jóhann viðurkennir að hafa sett brotþola inn í skáp á heimili sínu og sett þar lampa með 400 W peru. Hjá lögreglu sagði ákærði Andri að brotþoli hefði verið settur í skápinn til að „hugsa málið“. Ákærði Gunnar Jóhann sagði fyrir dómi að það hefði verið „djók“ að setja brotþola í skápinn en sú skýring hans er fráleit. Brotþoli hefur lýst því staðfastlega að ákærði Gunnar Jóhann hafi vafið rafmagnssnúru um háls hans og dregið hann úr skápnum og upp í rúm í stofunni. Þar hafi ákærði hert snúruna að hálsi brotþola þannig að hann hafi nánast misst meðvitund. Framburður brotþola fær stoð í framburði ákærða Andra sem lýsti því að hafa séð ákærða Gunnar Jóhann liggja á brotþola í rúminu og ákærði Gunnar Jóhann „rifið eitthvað“ í hann þar. Enn fremur er til þess að líta að áverkar þeir sem voru á hálsi brotþola og vitnisburður Jóns Tryggva Héðinssonar

læknis styðja framburð brotaþola um þetta. Samkvæmt framburði læknisins var miklu afli beitt og mikil hætta stafaði af þessu. Brotaþoli hefur jafnframt lýst því að ákærðu hafi hótad að beita þáverandi kærustu hans ofbeldi ef hann færi ekki í banka að sækja peninga. Fyrir liggja gögn og vitnisburður starfsmanns Landsbankans um að hann hafi farið þangað en hann gat ekki fengið þar fé. Brotaþoli hefur einnig lýst því að hafa verið bundinn við stól á heimili ákærða Gunnars Jóhanns og ákærði Gunnar Jóhann límt hendur hans saman fyrir aftan bak og límt fyrir munn hans. Fyrir liggja myndir af brotaþola í stól þar sem hann er bundinn og áverkar á úlnliði og ökkla samrýmast því að hann hafi verið bundinn. Á vettvangi fannst límband með lífsýni brotaþola og styður það framburð hans um að hann hafi verið „teipaður“. Jafnframt hefur brotaþoli lýst því að hann hafi ítrekað verið sleginn af ákærðu Gunnari Jóhanni og Andra. Einnig hafi ákærði Gunnar slegið hann með golfkylfu í bringuna. Ákærðu Gunnar Jóhann og Andri hafa viðurkennt að hafa slegið brotaþola með flötum lófa og áverkar brotaþola, einkum á hnakka og eymsli í bringu, styðja vitnisburð brotaþola. Er því sannað að ákærðu beittu brotaþola ofbeldi eins og hann lýsir því. Þá er að mati dómsins vafalaust í ljósi alls þess sem á undan var gengið að brotaþoli var neyddur með ofbeldi eða hótun um ofbeldi til að leysa út lyfseðil á hans nafni og neyddur til að taka verkfæri sem lágu á bifreiðastæði við leikskóla.

Samkvæmt öllu framansögðu er sönnuð sú háttsemi sem ákærðu Andra og Gunnari Jóhanni er gefin að sök í ákæru og með þeim afleiðingum sem þar greinir. Brot ákærðu varða við 2. mgr. 226. gr., 2. mgr. 218. gr. og 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með áorðnum breytingum.

### *Niðurstaða í ákæru II.*

Ákærði Ólafur Darri neitar sök. Hann neitaði við skýrslutöku hjá lögreglu 10. apríl 2010 að hann eða aðrir hefðu beitt brotaþola A ofbeldi, en kannaðist við að rætt hefði verið um að hann skuldaði ákærðu Andra og Gunnari Jóhanni peninga. Við yfirheyrslu 14. apríl 2010 breytti ákærði framburði sínum og viðurkenndi að hann hefði einu sinni slegið brotaþola með flötum lófa vegna þess að ákærði Gunnar Jóhann hefði beðið hann um það. Ákærði kvaðst hafa yfirgefið íbúðina ásamt ákærðu Markúsi og Gunnari Má en breytti svo þeim framburði þegar honum var kynntur framburður þeirra um að hann hefði ekki gert það. Þá skýrði ákærði m.a. frá því að hann hefði sagt við brotaþola að það væri best fyrir hann að borga skuldina. Jafnframt sagði ákærði að ákærðu Gunnar Jóhann og Andri hefðu verið mjög æstir og ákærði Gunnar Jóhann öskrað á brotaþola að finna peninga. Einnig sagði ákærði að brotaþoli hefði verið hræddur. Í skýrslutöku 28. maí 2010 breytti ákærði fyrri framburði um að ákærði Gunnar Jóhann hefði beðið hann um að slá brotaþola og kvaðst hafa gert það upp á sitt eindæmi. Fyrir dómi viðurkenndi ákærði að hafa slegið brotaþola tvisvar og sagði að hann hefði heyrt ákærðu Gunnar Jóhann og Andra tala um peninga. Ákærði neitaði því að hafa verið viðstaddur þegar brotaþoli var lokaður inni í skáp og rafmagnssnúra vafin um háls hans. Enn fremur neitaði ákærði því að hafa bundið brotaþola við stól. Ákærði kvaðst hafa logið því hjá lögreglu að ákærði Gunnar Jóhann hefði beðið hann um að slá brotaþola og einnig hefði hann logið því að ákærðu Gunnar Jóhann og Andri hefðu verið æstir, en gat ekki gefið skýringar á því af hverju hann hefði logið. Þannig hefur framburður ákærða verið mjög reikull og ótrúverðugur.

Þegar allt framangreint er virt verður að telja að ákærða hafi verið fullljóst að ákærðu Gunnar Jóhann og Andri héldu brotþola gegn vilja hans vegna skuldar og að ákærði hafi veitt þeim liðsinni, m.a. með því að segja að það væri „best fyrir hann að borga“. Þá hefur ákærði viðurkennt að hafa slegið brotþola tvisvar sinnum, vegna þess að honum væri illa við brotþola. Er þessi háttsemi því sönnuð. Dómurinn telur hins vegar varhugavert að fullyrða gegn neitun ákærða að hann hafi verið viðstaddur og þá kunnugt um að brotþoli hafði verið settur inn í skáp og rafmagnssnúra vafin um háls hans eða að hann hafi verið neyddur til að fara í Landsbankann. Þá er ekkert komið fram um að hann hafi verið nærstaddur þegar ákærðu Gunnar Jóhann og Andri og brotþoli fóru í Lyf og heilsu eða þegar verkfærataskan var tekin við leikskólann Heiðarsel.

Með vísan til framangreinds verður ákærði sakfelldur fyrir brot gegn 2. mgr. 226. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 22. gr. sömu laga, og líkamsárás samkvæmt 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga.

### *Niðurstaða í ákærulið III.*

Ákærði Gunnar Már neitaði sök við þingfestingu málsins. Við aðalmeðferð málsins viðurkenndi hann að hafa slegið brotþola A tvisvar með flötum lófa í andlitið. Þetta hefði verið „grín“ og brotþoli ekki gert neitt á móti. Ákærði neitaði því að einhver hefði sagt honum að gera þetta. Ákærði hefur þannig á endanum játað þá háttsemi sem lýst er í ákæru en hann krefst samt sem áður sýknu í málinu. Í málflutningi verjanda hans var það í fyrsta lagi byggt á því að ákærði hefði slegið brotþola að fyrirmælum ákærða Gunnars Jóhanns eða Andra. Málsvörn þessi er með öllu haldlaus, enda sagði ákærði í skýrslutöku hjá lögreglu 26. maí 2010 og við aðalmeðferð málsins að honum hefði ekki verið sagt að slá brotþola. Jafnvel þótt ákærði kunni að hafa verið undir einhverjum þrýstingi er ekkert komið fram um að hann hafi verið með þeim hætti að háttsemi hans verði talin honum refsilaus. Í öðru lagi er byggt á því að um samþykki brotþola hafi verið að ræða þar sem hann hafi ekki gert neitt þegar ákærði sló hann. Svona málsvörn er svo fjarstæðukennd að hún er að engu hafandi. Þannig verður ákærði sakfelldur fyrir þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru og er brot hans í ákæru réttilega heimfært til 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með áorðnum breytingum.

Ákærði Markús neitaði sök við þingfestingu málsins en játaði svo sök við aðalmeðferð. Ákærði kvaðst hafa slegið brotþola vegna þrýstings og er það í samræmi við það sem fram hefur komið fyrir dómi og gögnum málsins. Háttsemi ákærða varðar við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með áorðnum breytingum.

## **IV. ákæruliður. Umferðarlagabrot.**

### I.

Í skýrslu lögreglu, dags. 3. júní 2010, segir að hringt hafi verið í ákærða Andra og hann boðaður til yfirheyrslu hjá lögreglu 9. apríl 2010. Ákærði hefði sagt að hann væri í Sparisjóðnum og yrði kominn innan fárra mínútna á lögreglustöðina við Hringbraut. Þá segir í skýrslunni að lögreglumennirnir Ragnar Már Guðmundsson og Ólafur Örvar Ólafsson hefðu verið vitni að því að ákærði hafi komið akandi á bifreiðinni BI-198 suður Hringbraut og inn á bifreiðastæði við lögreglustöðina. Lögreglumennirnir hefðu ekki orðið varir við hvar ákærði hefði lagt bifreiðinni þar sem þeir hefðu farið í anddyri lögreglustöðvarinnar og beðið eftir ákærða. Við öryggisleit hefðu fundist lykklar að bifreiðinni BI-198.

Við skýrslutöku hjá lögreglu 1. júní 2010 kvaðst ákærði ekki muna eftir því að hafa komið akandi á bifreiðinni á lögreglustöðina. Þegar ákærða var kynnt að á honum hefðu fundist lykklar að bifreiðinni kvaðst hann ekki vita hvernig stæði á því.

II.

*Ákærði Andri* neitaði því að hafa komið akandi á lögreglustöðina og kvaðst hafa komið gangandi úr bankanum.

*Vitnið Ragnar Már Guðmundsson* lögreglumaður sagði að það hefði séð umræddri bifreið ekið að lögreglustöðinni en það hefði ekki séð hver ók henni. Svo hefði ákærði komið inn á lögreglustöðina og verið með bíllykilinn í vasanum.

*Vitnið Ólafur Örvar Ólafsson* lögreglumaður sagði að ákærði hefði verið boðaður á lögreglustöðina og hann komið akandi. Vitnið kvaðst hafa séð ákærða Andra aka bifreiðinni. Þá hefði ákærði verið með bíllyklana í vasanum. Aðspurt kvaðst vitnið ekki hafa séð ákærða Andra koma út úr bifreiðinni.

III.

Ákærði Andri neitar sök. Fyrir dóm komu sem vitni tveir lögreglumenn. Annað vitnið, Ragnar Már Guðmundsson, kvaðst hafa séð bifreiðinni ekið að lögreglustöðinni en það hefði ekki séð hver ók henni. Hitt vitnið, Ólafur Örvar Ólafsson, lýsti því að hafa séð ákærða aka bifreiðinni en vitnið hefði ekki séð ákærða koma út úr bifreiðinni. Þá hefur komið fram að ákærði var með lykla að bifreiðinni í vasanum. Þótt leiða megi að því líkur að ákærði hafi ekið bifreiðinni, sem var í eigu ákærða Gunnars Jóhanns, er ekki unnt að slá því föstu að það hafi verið ákærði Andri sem ók henni umrætt sinn. Ber því að sýkna hann af IV. ákærulið.

## **V. ákæruliður. Fíkniefnalagabrot.**

*Ákærði Andri* hefur skýlaust játað brot sitt. Sannað er með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins að hann er sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í V. ákærulið. Brot hans varðar við 2., sbr. 5. og 6., gr. laga um ávana- og fíkniefni, með áorðnum breytingum.

## **VII. ákæruliður. Hótanir.**

*Ákærði Gunnar Jóhann* sagði fyrir dómi að hann hefði verið nývaknaður umrætt sinn og hann hefði sagt við lögregluna að hann ætlaði að drepa A. Hann hefði ekki meint þetta og verið undir áhrifum lyfja.

*Vitnið Ragnar Már Guðmundsson* lögreglumaður sagði að það hafi átt að taka ákærða til skýrslutöku en hann hafi verið æstur og ekki viljað fara í hana. Ákærði hefði þá sagt að hann ætlaði að drepa „þetta helvítis fífl“ þegar hann losnaði, þ.e. A. Ákærði hefði endurtekið þetta nokkrum sinnum.

Með vísan til þess að ákærði hefur viðurkennt fyrir dómi að hafa sagt að hann hefði haft uppi þau orð að hann ætlaði að drepa A þykir sök hans sönnuð. Breytir engu um sök ákærða þótt hann segi nú að hann hafi ekki meint þetta. Full ástæða var til að taka orð hans alvarlega. Þá skiptir engu máli þótt ákærði hafi ekki haft hótunina uppi í viðurvist A heldur þriðja manns, sbr. dómur Hæstaréttar í máli nr. 531/2005. Með háttsemi sinni hefur ákærði gerst brotlegur við 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 125. gr. laga nr. 82/1998.

## **VIII. ákæruliður. Hótanir.**

I.

Í upplýsingaskýrslu Björns Sveinssonar lögreglumanns, dags. 13. apríl 2010, segir að þegar ákærði Ólafur Darri hafi verið fluttur fyrir dóm 10. apríl 2010, vegna kröfu um gæsluvarðhald, hafi ákærði sagt að ef A væri að koma honum í þetta mál þá myndi hann svoleiðis taka hann í gegn þegar ákærði losnaði frá lögreglu að A myndi ekki gleyma því á meðan hann lifði. Þá hefði ákærði sagt að hann hefði aldrei farið í fangelsi og væri ekki að fara í það út af þessu. Jafnframt hefði ákærði sagt að þó maður væri „bitch-slappaður“ ætti hann ekki að ljúga upp á aðra. Jafnframt hefði ákærði sagt „ég gerði ekki neitt“ og „þetta var allt afslappað og allir í góðum gir“. Á leiðinni úr dómi og á Litla-Hraun hafi ákærði m.a. sagt í lögreglubifreiðinni að nú myndi „hann...þetta litla kvikindi...“ og skýrsluritari skilið þetta þannig að hann ætti við A. Einnig hefði ákærði sagt að hann skyldi „svoleiðis fá að finna fyrir því“ og „ég kann að koma málum þannig fyrir að þið í lögreglunni getið aldrei sannað það“. Í skýrslunni kemur fram að annar lögreglumaður hefði verið í lögreglubifreiðinni.

II.

*Ákærði Ólafur Darri* sagði fyrir dómi að hann hefði blótað A í sand og ösku og óskað honum alls ills vegna þess að það hafi verið að færa ákærða saklausan í gæsluvarðhald. Það hefði ekki verið neitt sem hann hefði meint. Ákærði kvaðst ekki muna hvað hann hefði sagt orðrétt.

Vitnið *Björn Sveinsson* lögreglumaður sagði fyrir dómi að ákærði hefði verið forvitinn um hvað væri að gerast þegar hann var fluttur fyrir dóm vegna kröfu um gæsluvarðhald yfir honum. Eftir að hann var úrskurðaður í gæsluvarðhald hafi honum verið ekið á Litla-Hraun. Þá hefði hann verið áberandi ör og ósáttur og haft uppi hótanir sem vitnið gerði svo skýrslu um. Vitnið kvaðst hafa lagt á minni sitt orðrétt það sem ákærði sagði. Vitnið kvaðst hafa tekið þetta alvarlega og talið fulla ástæðu til að gera skýrslu um það.

Vitnið *Inga María Warren Árnadóttir* lögreglumaður gaf skýrslu fyrir dómi og skýrði frá því að hafa verið í lögreglubifreiðinni umrætt sinn. Ákærði hefði verið æstur og með háreysti en vitnið muni ekki hvað hann hefði sagt og hvort hann hefði verið með hótanir.

### III.

Eins og rakið hefur verið greindi vitnið *Björn Sveinsson* lögreglumaður frá því að þegar ákærði var fluttur í lögreglubifreið vegna gæsluvarðhalds hafi hann hótað A ofbeldi. Vitnið *Inga María*, sem var í lögreglubifreiðinni umrætt sinn, kvaðst ekki muna eftir því að ákærði hefði haft í hótunum. Ákærði hefur viðurkennt að hafa blótað A í sand og ösku og óskað honum alls illis. Hann kveðst ekki muna hvað hann sagði orðrétt en neitar því að hafa hótað honum ofbeldi. Samkvæmt framansögðu er ætluð hótun ákærða ósönnuð gegn neitun hans, þar sem einungis eitt vitni hefur borið um hana. Verður hann því sýknaður af því broti.

## **Ákæra 5. júlí 2010.**

### I.

Hinn 31. maí 2009 fékk lögreglan tilkynningu um að maður lægi ölvaður og blóðugur í andliti í garði við Írabakka 2-16. Í frumskýrslu lögreglu segir að er lögreglumenn komu á vettvang hafi Eypór Kristjánsson legið á grasbletti í garðinum og þrír hlúð að honum. Þau hefðu sagt að þau þekktu ekki Eypór og þau vissu ekki hvað hefði gerst. Þá segir í skýrslunni að Eypór hafi verið mjög ölvaður að sjá, mikill áfengisþefur hafi verið frá vitum hans, jafnvægi verið óstöðugt og framburður óskýr og samhengislaus. Hann hafi verið með skurð við augabrún og áverka á nefi og það blætt talsvert frá þessum áverkum. Þá segir í skýrslunni að blóð hafi verið á gangstétt í um 15 m fjarlægð frá því þar sem Eypór fannst og þar hafi derhúfa hans legið. Frá þessum blóðbletti hafi legið blóðslóð þangað sem Eypór var á grasblettinum. Eypór hafi lítið getað tjáð sig en sagt að hann hefði séð hönd með grjóti koma aðvífandi í andlit sitt þegar hann hafi verið þarna á gangi. Eypór var fluttur á slysadeild með sjúkrabifreið.

Eypór Kristjánsson lagði fram kæru hjá lögreglu 2. júní 2009. Hann kvaðst hafa verið að skemmta sér heima hjá vini sínum, Sveini Þór Sveinssyni, ásamt Reyni Ragnarssyni. Þar hefði einnig verið stúlka að nafni Tanya. Þá hefði ákærði Andri komið þangað en þeir þekktust ekkert. Þau hefðu öll neytt áfengis í mesta bróðerni í um 10 mínútur, en þá hefði ákærði og Reynir farið út. Kærandi og Sveini hefði sinnast og kærandi ákveðið að fara. Á leiðinni út hefði hann mætt ákærða og

Reyni. Reynir hefði orðið þess áskynja að eitthvað væri um að vera og sagt við kæranda að hann skyldi koma sér í burtu. Kærandi hefði svo hlaupið frá heimili Sveins í áttina að Írabakka og gengið síðasta spölinn. Hann hefði svo litið við og þá allt í einu séð ákærða standa fyrir aftan sig og slá sig með einhverju barefli, miklu og þungu höggi í andlit svo hann hrasaði aðeins en féll ekki í götuna. Kærandi kvaðst ekki muna nákvæmlega hvað hefði gerst eftir þetta, nema að honum hefði blætt mikið.

Vitnið Tanya Krístrún Gunnarsdóttir skýrði frá því hjá lögreglu 10. september 2009 að hún hefði verið við áfengisdrykkju heima hjá Sveini Þór Sveinssyni ásamt Reyni Ragnarssyni. Sveinn og Eyþór hefðu eitthvað verið að rifast og Sveinn slegið Eyþór. Vitnið hefði svo farið inn á baðherbergi og á meðan heyrnt mikil læti frammi. Þá hefðu Andri og Reynir farið út um stund. Þegar vitnið hefði komið fram hafi Sveinn legið á gólfinu og Eyþór verið farinn. Reynir hefði sagt vitninu að Eyþór hefði slegið Svein niður og svo hlaupið út. Vitnið hefði hlaupið á eftir Eyþóri til að ræða við hann og ákærði Andri komið út á eftir vitninu. Þegar vitnið hafi verið komið út hefði það séð Eyþór hlaupandi. Vitnið hefði kallað til hans og viljað tala við hann en hann ekki stoppað. Vitnið hefði hætt að elta hann en ákærði Andri hlaupið á eftir Eyþóri. Vitnið kvaðst hafa séð ákærða ná Eyþóri skammt frá en síðan hefði Eyþór dottið í jörðina. Eftir að Eyþór hefði fallið í jörðina hafi ákærði snúið til baka og þá verið með stein í annarri hendi. Vitnið sagði að það hefði ekki séð ákærða slá Eyþór en hann hefði sagt vitninu síðar að hann hefði gert það vegna þess að Eyþór hefði slegið Svein. Vitnið kvaðst hafa gengið til Eyþórs þar sem hann lá og stumrað yfir honum. Hann hefði verið með mikla áverka og vitnið því beðið konu sem var á svölunum í nærliggjandi húsi um aðstoð. Vitnið hefði svo setið hjá Eyþóri þar til lögreglan kom.

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglu 9. október 2009. Þegar honum var kynnt sakarefnið kvaðst hann ekkert kannast við þetta. Hann myndi bara eftir því að Eyþór hefði hlaupið út eftir að hafa ráðist á Svein heima hjá honum. Auk þeirra hefði verið þar Reynir Ragnarsson og Tanya Gunnarsdóttir, en hún væri fyrrverandi kærasta ákærða og vinkona hans. Ákærði kvaðst hafa verið undir áhrifum fíkniefna umrætt sinn en hann myndi þó eftir öllu sem hefði gerst þarna. Ákærði sagði að hann hefði verið á klósettinu og þegar hann hafi komið fram hafi Sveinn legið á gólfinu rotaður. Tanya hefði verið öskrandi og sagt við Eyþór: „Hvað varstu að gera, hvað varstu að gera.“ Eyþór hefði síðan hlaupið út. Ákærði hafi farið út á eftir og ætlað að ná honum en hann hafi þá verið horfinn. Um ástæðu þess að ákærði fór á eftir Eyþóri sagði ákærði: „Ég veit það ekki, ætlaði líklega að finna út hvers vegna hann var að kýla Svein. Annars veit ég það ekki. Ég bara hljóp á eftir honum.“ Aðspurður sagði ákærði að það hefðu ekki fleiri farið út á eftir Eyþóri. Þegar ákærða var kynntur framburður Tanyu, um að hún hefði farið út úr íbúðinni á eftir Eyþóri, svaraði ákærði því til að hann myndi bara eftir því að hafa farið út en „gæinn hvarf bara“. Þegar ákærði hefði síðan komið til baka hafi Tanya komið út líka. Ákærða var þá kynntur framburður Tanyu um að hún hefði hætt að elta Eyþór en ákærði haldið áfram á eftir honum og náð honum. Skömmu síðar hefði Eyþór fallið í götuna. Ákærði sagði að þetta væri rétt. Hann hefði bara dottið í götuna og það geti ekki verið sér að kenna. Um ástæðu þess að ákærði hefði þá sagt að Eyþór hefði verið horfinn þegar ákærði kom út sagði ákærði að hann hefði ekki viljað blanda sér í þetta mál. Ákærði neitaði því að hafa verið með stein í hendi eða að hafa viðurkennt fyrir Tanyu að hann hefði slegið Eyþór.

## II.

Í læknavottorði Jóns Magnúsar Kristjánssonar, sérfræðings í slysa- og bráðalækningum, dags. 25. júní 2009, kemur fram að Eypór Kristjánsson hafi verið með tvo skurði í andliti, annan miðlægt ofan við vinstra efra augnlok. Hinn hafi verið u.þ.b. 1 cm langur á nasavæng hægra megin. Við skoðun hafi hann greinilega verið nefbrotinn með tilfærslu til vinstri og storknað blóð verið í nösum og það verið staðfest með tölvusneiðmynd. Einnig hafi sést brot í vinstri kinnholu. Greining hafi verið brot á vanga- og kinnkjálkabeinum, opið sár á augnloki og augnsvæði og á öðrum hlutum höfuðs. Að lokum segir í vottorðinu að ljóst sé að það hefði getað farið mun verr. Fyrir liggja ljósmyndir af áverkum Eypórs.

## III.

Verður nú rakinn framburður ákærða og vitna fyrir dómi.

*Ákærði* sagði að hann hefði verið í partí heima hjá Sveini. Auk þeirra hefðu verið þar Tanya, Reynir og Eypór. Ákærði hefði verið inni á klósettinu að sprauta sig með fíkniefnum þegar hann hefði heyrt læti frammi. Þegar ákærði hafi komið út hafi Eypór verið æstur og Sveinn legið á gólfinu vegna þess að Eypór hefði kýlt hann. Tanya hefði verið brjáluð og öskrað á Eypór sem hefði hlaupið út. Ákærði hafi ætlað að hlaupa á eftir honum og spyrja hann af hverju hann hefði kýlt Svein. Tanya hefði hlaupið út á eftir Eypóri og ákærði líka. Þegar Eypór hafi verið aðeins fyrir framan ákærða hefði hann dottið á gangstéttina. Svo hefði Tanya komið og þau farið. Ákærði kvaðst hafa verið mörgum metrum á eftir Eypór þegar hann hafi dottið fram fyrir sig. Ákærði neitaði því að hafa slegið hann í andlitið með steini.

*Vitnið Eypór Kristjánsson* greindi frá því að hann hefði verið með Reyni, Sveini og Tanyu heima hjá Sveini. Ákærði hefði einnig verið þar og þau fengið sér í glas. Vitnið kvaðst hafa lent í ryskingum við Svein sem hefði lyktað með því að vitnið kýldi Svein sem datt í gólfið. Reynir hefði sagt vitninu að drífa sig heim og vitnið gert það. Þegar vitnið hafi verið við Írabakka hefði það stansað, litið við og fengið högg. Vitnið kvaðst hafa séð ákærða þegar það leit við og svo kom höggið. Ákærði hefði verið með eitthvað í hendinni en vitnið hefði ekki áttað sig á því hvað hann væri með. Þetta hefði verið þungt högg og það lent á auganu og nefinu. Vitnið kvaðst hafa hnigið niður. Vitnið hefði ekki lent á jörðinni en náð að ganga nokkra metra. Vitnið kvaðst hafa verið um mánuð að jafna sig eftir þetta en það væri með ör í andliti og með skakkt nef. Vitnið hefði verið frá vinnu í þrjár vikur. Kynnt var fyrir vitninu það sem fram kemur í frumskýrslu lögreglu, um að vitnið hefði ekki getað sagt hver hefði ráðist á það og það virst vera mjög ölvað og framburður óskýr, og sagði vitnið að það hefði varla verið með rænu á vettvangi vegna árásarinnar.

*Vitnið Sveinn Þór Sveinsson* kvaðst lítið muna eftir atvikum. Vitnið hefði verið heima hjá sér ásamt Tanyu og Eypóri og ákærði komið ásamt Reyni. Vitnið og Eypór hefðu rifist og Eypór slegið vitnið vegna þess að það hefði komið illa fram við hann. Þegar vitnið hefði staðið upp af gólfinu hefði vitnið og Reynir verið einir eftir í íbúðinni. Vitnið sagði að Tanya hefði svo sagt sér að Eypór hefði fengið grjótt í andlitið. Hún hefði ekki sagt hver hefði ráðist á hann, en vitnið frétt að ákærða og Eypóri hefði lent saman.

*Vitnið Tanya Krístrún Gunnarsdóttir*, fyrrverandi kærasta ákærða og vinkona hans, sagði að það hefðu verið áflog milli Eyþórs og Sveins í íbúðinni. Eftir það hefði Eyþór hlaupið út og vitnið á eftir honum. Þá hefði ákærði farið á eftir vitninu. Þegar þau hafi komið út hafi Eyþór dottið niður en hann hefði fengið stein í sig. Vitnið kvaðst ekki hafa séð það gerast. Ákærði hefði verið fyrir aftan vitnið. Borinn var undir vitnið framburður þess hjá lögreglu um að það hafi farið út og séð Eyþór hlaupandi. Vitnið hefði kallað til hans og viljað tala við hann en hann hefði ekki stoppað. Vitnið hefði þá hætt að elta hann en ákærði hlaupið á eftir Eyþóri. Þá hefði vitnið séð ákærða ná Eyþóri skammt frá en síðan hefði Eyþór dottið í jörðina. Eftir að Eyþór hefði fallið í jörðina hafi ákærði snúið til baka og þá verið með stein í annarri hendi. Vitnið kvaðst ekki muna eftir þessu og ekki muna eftir skýrslutökunni.

*Vitnið Jón Magnús Kristjánsson* læknir sagði að áverkar Eyþórs gætu samrýmst því að hann hafi fengið stein í andlitið. Aðspurt sagði vitnið að það væri ekki útilokað að áverkarnir væru tilkomnir við að hann hafi dottið á kant, en það væri líklegra að hann hefði fengið stein í andlitið. Þessir áverkar gætu ekki komið til við að falla á slétt undirlag. Vitnið sagði að um væri að ræða hættulega áverka. Nánar tiltekið væri hætta á skemmdum á auga og heilablæðingu. Af áverkunum að dæma hafi höggið verið þungt.

#### IV.

Ákærði neitar sök. Eins og rakið hefur verið er aðdragandi málsins sá að til áfloga kom á milli Eyþórs Kristjánssonar og Sveins Þórs Sveinssonar á heimili þess síðarnefnda og fór Eyþór af vettvangi eftir að hafa kýlt Svein. Ákærði var inni á baðherberginu þegar þetta gerðist en þegar hann kom fram sá hann Svein liggja á gólfinu.

Í frumskýrslu lögreglu kemur fram að Eyþór hafi lýst því að hafa séð grjót koma aðvífandi í andlit sitt er hann var á gangi við Írabakka. Eyþór lýsti atvikum með sama hætti hjá lögreglu og fyrir dómi. Nánar tiltekið lýsti hann því að hafa ákveðið að koma sér á brott eftir að hafa kýlt Svein og hlaupið í áttina að Írabakka. Hann hefði svo litið við og þá allt í einu séð ákærða standa fyrir aftan sig og slá sig með þungu höggi í andlit en ákærði hefði verið með eitthvað í hendinni. Eyþór hefði vankast við þetta.

Framburður ákærða hefur ekki verið á einn veg. Við skýrslutöku hjá lögreglu kvaðst hann hafa farið út á eftir Eyþóri en hann hefði verið horfinn. Ákærði breytti svo þeim framburði sínum eftir að honum var kynntur vitnisburður Tanyu hjá lögreglu um að hún hefði farið á eftir Eyþóri og ákærði líka. Ákærði heldur því fram að Eyþór hafi dottið án þess að hann hafi nokkuð komið nálægt því.

Vitnið Tanya lýsti því hjá lögreglu að hafa hlaupið út á eftir Eyþóri og ákærði á eftir vitninu. Vitnið hefði hætt að elta Eyþór en ákærði haldið áfram og náð Eyþóri sem hefði dottið. Ákærði hefði svo komið til baka og verið með stein í annarri hendi og síðan sagt vitninu að hann hefði slegið Eyþór vegna þess að hann hefði slegið Svein. Fyrir dómi lýsti vitnið með sama hætti að það hefði farið á eftir Eyþóri og ákærði einnig. Þá sagði vitnið að Eyþór hefði dottið og fengið stein í sig.

en þegar gengið var á vitnið um hvort það hefði verið af völdum ákærða kvaðst vitnið ekki muna atvik.

Með vísan til vitnisburðar brotþola, sem fær stoð í framburði Tanyu, og einkum með hliðsjón af vitnisburði Jóns Magnúsar Kristjánssonar læknis, um að áverkar Eyþórs geti ekki komið til við að falla á slétt undirlag, og myndum af vettvangi, er sannað að ákærði hafi slegið Eyþór með steini í andlitið með þeim afleiðingum sem í ákæru greinir. Brot ákærða varðar við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

### **Ákvörðun refsingar.**

Ákærði Andri Vilhelm Guðmundsson er fæddur í maí 1986. Samkvæmt sakavottorði ákærða var honum með dómi 2. júní 2005 gert að sæta fangelsi í þrjú mánuði, skilorðsbundið í tvö ár, fyrir þjófnað, umferðarlagabrot og fíkniefnalagabrot. Með dómi 2. maí 2007 var ákærða gert að greiða 90.000 króna sekt fyrir umferðarlagabrot. Einnig var hann sviptur ökurétti í tvo mánuði. Með dómi 28. febrúar 2008 var ákærði dæmdur til að greiða 180.000 króna sekt fyrir umferðarlagabrot og sviptur ökurétti í þrjú ár frá 6. maí 2009. Með dómi 2. október 2008 var ákærði dæmdur til að greiða 50.000 króna sekt fyrir umferðarlagabrot og sviptur ökurétti í fjóra mánuði frá 6. maí 2011. Loks var ákærði dæmdur 25. mars 2009 í sex mánaða fangelsi, skilorðsbundið í tvö ár, fyrir umferðarlagabrot, fíkniefnalagabrot og brot gegn 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga. Þá var hann sviptur ökurétti í fjögur ár frá 6. september 2011. Um var að ræða hegningarauka. Með brotum sínum nú hefur ákærði rofið skilorð framangreinds dóms og er hann dæmdur upp og ákærða gerð refsing í einu lagi, sbr. 60. og 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Brot ákærða samkvæmt I. lið ákæru 24. júní 2010 voru alvarleg og vöktu mikinn ótta hjá brotþola. Brotþoli hlaut talsverða líkamlega áverka. Þá horfir til refsipýngingar að um samverknað ákærða og ákærða Gunnars Jóhanns var að ræða, sbr. 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Ákærði hefur játað fíkniefnalagabrot samkvæmt V. lið ákæru og er um smáræði að tefla. Líkamsárás ákærða samkvæmt ákæru 5. júlí 2010 var alvarleg og af henni hlutust miklir áverkar. Að öllu þessu virtu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 2½ ár. Vegna sakaferils ákærða og alvarleika brota hans kemur ekki til álita að skilorðsbinda refsingu hans að neinu leyti. Þá skal ákærði sæta upptöku á 2,01 g af kannabisefni, sem lögregla lagði hald á.

Ákærði Gunnar Jóhann Gunnarsson er fæddur í júní 1983. Fram kemur á sakavottorði hans að á árinu 1999 var honum gerð sekt fyrir umferðarlagabrot og brot gegn 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga. Með dómi 4. janúar 2001 var ákærða gert að sæta fangelsi í 30 daga, skilorðsbundið í tvö ár, fyrir þjófnað. Um var að ræða hegningarauka. Á árinu 2002 gekkst ákærði undir viðurlagaákvörðun vegna umferðarlagabrots. Hinn 24. júní 2002 var ákærða gerð 100.000 króna sekt fyrir þjófnað og vopnalagabrot. Hinn 30. janúar 2003 var hann með dómi Hæstaréttar Íslands dæmdur í 22 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 194. gr. almennra hegningarlaga. Með dóminum var staðfest refsíákvörðun sem tekin var með dómi Héraðsdóms Reykjaness 19. júní 2002. Hinn 29. september 2005 gekkst ákærði undir lögreglustjórasátt vegna ölvunaraksturs og fíkniefnabrots. Hlaut hann 98.000 króna sekt og ökuréttarsviptingu í 8 mánuði. Þá gekkst ákærði undir

lögreglustjórásátt vegna sviptingarasturs 6. júní 2006 og hlaut hann 60.000 króna sekt. Hinn 30. mars 2004 var ákærða veitt skilorðsbundin reynslulausn í tvö ár á óafplánuðum eftirstöðvum refsingar samkvæmt fyrrnefndum dómi Hæstaréttar, 330 dögum. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness 9. mars 2007 var ákærði dæmdur í 15 mánaða fangelsi fyrir stórfellda líkamsárás og voru óafplánaðar eftirstöðvar samkvæmt framangreindum hæstaréttardómi dæmdar með. Með dómi Hæstaréttar 17. janúar 2008 var refsing síðastgreinds dóms þyngd í 18 mánuði. Þá var ákærða gerður hegningarauki með dómi Héraðsdóms Reykjaness 12. desember 2008, þar sem honum var gert að sæta fangelsi í fjóra mánuði, skilorðsbundið í tvö ár, fyrir brot gegn 251. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 20. gr. sömu laga. Loks var hann dæmdur 25. júní 2010 í fangelsi í 11 mánuði fyrir umferðarlagabrot og sviptur ökurétti í fimm ár. Reynslulausn sem ákærða var veitt 6. mars 2009, sex mánuðir, var dæmd upp og skilorðsdómur frá 12. desember 2008. Brot þau sem ákærði er nú sakfelldur fyrir voru framin fyrir dóminn 25. júní 2010 og því ber að dæma honum hegningarauka samkvæmt 78. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 77. gr. laganna. Brot ákærða samkvæmt I. lið ákæru 24. júní 2010 voru alvarleg og vöktu mikinn ótta hjá brotþola. Þá hlaut brotþoli talsverða líkamlega áverka. Einnig ber við ákvörðun refsingar að líta til ítrekunaráhrifa þar sem ákærði hefur áður gerst sekur um ofbeldisbrot og um samverknað var að ræða, sbr. 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Ákærði hefur játað umferðarlagabrot samkvæmt VI. lið ákæru og í raun játað VII. ákærulið. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 2 ár. Þegar litið er til sakaferils ákærða og alvarleika brota hans kemur ekki til álita að skilorðsbinda refsingu hans að neinu leyti.

Ákærði Gunnar Már Vilbergsson er fæddur í september 1991. Samkvæmt sakavottorði hans hefur hann ekki áður gerst sekur um refsiverða háttsemi. Ákærði hefur neitað því að honum hafi verið skipað að slá brotþola eða verið undir þrýstingi og á hann sér því engar málsbætur aðrar en þær að vera ungur að aldri. Ákærði sló brotþola tvisvar en ekki var um fast högg að ræða. Með vísan til framangreinds þykir refsing hans hæfilega ákveðin 120.000 króna sekt til ríkissjóðs sem greiðist innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa að telja. Vararefsing skal vera fangelsi í 10 daga.

Ákærði Markús Vilberg Kristínarson er fæddur í júlí 1991. Í sakavottorði hans kemur fram að honum var með dómi 5. febrúar 2010 gert að greiða 80.000 króna sekt fyrir brot gegn 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga. Þá gekkst hann með lögreglustjórásátt 31. mars 2010 undir að greiða 70.000 króna sekt fyrir umferðarlagabrot og sviptingu ökuréttar í fjóra mánuði. Ákærði játar brot sitt og samkvæmt því sem fram hefur komið í málinu var hann undir þrýstingi þegar hann sló brotþola einu sinni laust. Ákærði er ungur að árum og hann framdi brot samkvæmt framangreindum dómi áður en hann varð 18 ára. Hefur það brot því ekki ítrekunaráhrif, sbr. 1. mgr. 71. gr. almennra hegningarlaga. Að öllu þessu virtu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 80.000 króna sekt til ríkissjóðs sem greiðist innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, en vararefsing skal vera fangelsi í 6 daga.

Ákærði Ólafur Darri er fæddur í mars 1988. Samkvæmt sakavottorði hans gekkst hann undir lögreglustjórásátt 6. september 2006 til greiðslu 37.500 króna sektar fyrir fíkniefnalagabrot. Hinn 6. mars 2007 var hann dæmdur í 30 daga fangelsi, skilorðsbundið í tvö ár, fyrir líkamsárás og 22. október 2008 var hann á ný dæmdur fyrir líkamsárás og þá gert að sæta tveggja mánaða fangelsi,

skilorðsbundið í þrjú ár. Með síðarnefnda dóminum var skilorðsdómurinn frá 6. mars 2007 tekinn upp og refsing dæmd í einu lagi. Með dómum uppkveðnum 19. nóvember 2008 og 29. júní 2009 var ákærði dæmdur til sektargreiðslna fyrir fikniefnalagabrot. Þá var ákærði hinn 21. janúar 2010 dæmdur til greiðslu 150.000 króna sektar fyrir umferðarlagabrot. Með dómi 26. febrúar 2010 var ákærða gert að sæta fangelsi í 12 mánuði fyrir brot gegn 252. gr. almennra hegningarlaga. Um var að ræða hegningarauka og skilorðsdómurinn frá 22. október 2008 var dæmdur upp. Ákærði er nú sakfelldur fyrir líkamsárás og hlutdeild í frelsissviptingu. Til þess er að líta að ákærði sló brotaþola tvisvar laust með flötum lófa en til refsibýngingar horfir dómur 26. febrúar 2010. Hvað varðar hlutdeild í frelsissviptingu þykir mega líta til þess að hlutdeild hans hefur ekki staðið lengi yfir og telst fremur smávægileg. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í þrjú mánuði. Vegna sakaferils ákærða kemur ekki til greina að skilorðsbinda refsingu hans.

-

### **Bótakröfur.**

Í málinu liggur fyrir miskabótakrafa brotaþola A, að fjárhæð 1.000.000 króna, auk vaxta. Ákærðu Gunnar Jóhann og Andri hafa verið sakfelldir fyrir alvarleg brot gegn brotaþola og á hann rétt á miskabótum úr hendi ákærðu á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga, sbr. lög nr. 37/1999. Þá hefur ákærði Ólafur Darri verið sakfelldur fyrir hlutdeild í frelsissviptingu og ber hann skaðabótaskyldu vegna þess, en ekki þykja vera efni til að láta hann eða ákærðu Markús og Gunnar Má bera skaðabótaábyrgð gagnvart brotaþola vegna minni háttar líkamsárásar. Við ákvörðun bóta er til þess að líta að frelsissvipting brotaþola var langvarandi og til þess fallin að valda brotaþola andlegri áþján. Þykja bætur hæfilega ákveðnar 700.000 krónur, sem skiptast milli ákærðu Andra, Gunnars Jóhanns og Ólafs Darra eins og nánar greinir í dómsorði. Dráttarvextir skulu reiknast frá 1. júlí 2010 þegar liðinn var mánuður frá því öllum ákærðu var birt krafan hjá lögreglu, sbr. 9. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Brotaþola var skipaður réttargæslumaður og fer um þóknun hans eins og síðar greinir.

Brotaþoli *Eyþór Kristjánsson* gerir kröfu um skaðabætur. Nánar tiltekið er krafist miskabóta að fjárhæð 1.000.000 króna, þjáningabætur að fjárhæð 24.150 krónur, og bætur vegna útlagðs kostnaðar, 34.595 krónur. Þá er gerð krafa um vexti.

Þar sem ákærði Andri hefur verið sakfelldur fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás ber hann skaðabótaábyrgð á því tjóni brotaþola sem rekja má til hinnar refsiverðu háttsemi. Krafa vegna útlagðs kostnaðar, lyfja- og sjúkrakostnaður, er studd reikningum. Ber því að dæma ákærða til að greiða þennan kostnað, sbr. 1. mgr. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Í bótakröfunni er gerður fyrirvari um frekari bætur vegna útlagðs kostnaðar vegna lýtaaðgerðar og vinnutaps. Krafa um þjáningabætur er rökstudd með því að brotaþoli hafi verið óvinnufær í þrjár vikur. Engin gögn liggja fyrir um þetta og verður því gegn mótmælum ákærða að hafna þessum kröfulið. Brotaþoli á rétt á miskabótum úr hendi ákærða vegna árásarinnar samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga, sbr. lög nr. 37/1999. Við ákvörðun bóta er til þess að líta að árásin var alvarleg. Averkarn voru miklir og hann er með ör í andliti eftir árásina. Þykja miskabætur hæfilega ákveðnar 400.000 krónur.

Samkvæmt framansögðu ber ákærða að greiða brotþola 434.595 krónur, en dráttarvextir skulu reiknast frá 15. ágúst 2010 þegar liðinn var mánuður frá því ákærða var birt krafan í fyrirkalli, sbr. 9. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Um þóknun réttargæslumanns fer samkvæmt því sem síðar greinir.

-

### **Sakarkostnaður.**

Með vísan til 219. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála ber að dæma ákærðu til að greiða sakarkostnað.

Samkvæmt yfirliti um sakarkostnað, vegna ákæru 5. júlí 2010, ber ákærða Andra að greiða 31.950 krónur vegna læknisvottorðs. Þá greiði ákærði Andri þóknun verjanda síns, Ásbjörns Jónssonar héraðsdómslögmanns, sem þykir hæfilega ákveðin, með hliðsjón af tímaskýrslu, 950.000 krónur. Enn fremur ber ákærða að greiða þóknun réttargæslumanns brotþola Eyþórs Kristjánssonar, Auðar B. Jónsdóttur hdl., sem telst hæfilega ákveðin 200.000 krónur.

Verjandi ákærða Gunnars Jóhanns hefur lagt fram tímaskýrslu. Í tímaskýrslunni er yfirlit um akstur og eru vegalengdir ekki í samræmi við það sem eðlilegt getur talist. Þykir þóknun verjanda hæfilega ákveðin 1.250.000 krónur. Þá ber ákærða að greiða í sakarkostnað 140.882 krónur vegna blóðtökuvottorðs og matsgerðar, sbr. ákæruliður VI í ákæru 24. júní 2010.

Þóknun réttargæslumanns brotþola A, Gunnhildar Pétursdóttur hdl., þykir hæfilega ákveðin, með hliðsjón af tímaskýrslu, 300.000 krónur, sem ákærðu Andra, Gunnari Jóhanni og Ólafi Darra verður gert að greiða eins og nánar greinir í dómsorði.

Ákærði Gunnar Már greiði í sakarkostnað þóknun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Kristjánssonar hrl. Ekki liggur fyrir tímaskýrsla og þykir þóknun hæfilega ákveðin 350.000 krónur.

Ákærði Markús greiði þóknun verjanda síns, Unnars Steins Bjarndals hdl., sem þykir hæfilega ákveðin, með hliðsjón af tímaskýrslu, 400.000 krónur.

Ákærði Ólafur Darri greiði í sakarkostnað helming af þóknun verjanda síns, Guðrúnar Sesselju Arnardóttur hrl., sem er ákveðin með hliðsjón af tímaskýrslu, 163.150 krónur, og helming af þóknun verjanda síns, Stefáns Karls Kristjánssonar hdl., sem þykir hæfilega ákveðin 500.000 krónur. Sá helmingur sem eftir stendur greiðist úr ríkissjóði.

Við ákvörðun þóknunar verjanda og réttargæslumanna hefur í öllum tilvikum virðisaukaskattur verið meðtalinn.

Dóm þennan kveður upp Sandra Baldvinsdóttir héraðsdómari.

## **D ó m s o r ð:**

Ákærði Andri Vilhelm Guðmundsson sæti fangelsi í 2½ ár. Til frádráttar refsingu komi gæsluvarðhald ákærða, sem hann sætti frá 10. apríl til 16. apríl 2010.

Ákærði Andri sæti upptöku á 2,01 g af kannabisefni.

Ákærði Gunnar Jóhann sæti fangelsi í 2 ár. Til frádráttar refsingu komi gæsluvarðhald ákærða, sem hann sætti frá 10. apríl til 23. júlí 2010.

Ákærði Gunnar Már Vilbertsson greiði 120.000 króna sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, en sæti ella fangelsi í 10 daga.

Ákærði Markús Vilberg Kristínarson greiði 80.000 króna sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, en sæti ella fangelsi í 6 daga.

Ákærði Ólafur Darri sæti fangelsi í 3 mánuði. Til frádráttar refsingu komi gæsluvarðhald ákærða, sem hann sætti frá 10. apríl til 16. apríl 2010.

Ákærðu Andri og Gunnar Jóhann greiði óskipt A 700.000 krónur, og ákærði Ólafur Darri þar af 200.000 krónur óskipt með meðákærðu, ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 9. apríl 2010 til 1. júlí 2010, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði Andri greiði Eyþóri Kristjánssyni 434.595 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 31. maí 2009 til 15. ágúst 2010, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði Andri greiði 1.181.950 krónur í sakarkostnað, þar með talda 950.000 króna þóknun verjanda síns, Ásbjörns Jónssonar héraðsdómslögmanns, og þóknun réttargæslumanns, Auðar B. Jónsdóttur héraðsdómslögmanns, að fjárhæð 200.000 krónur.

Ákærði Gunnar Jóhann greiði í sakarkostnað 1.390.882 krónur, þar með talda þóknun verjanda síns, Garðars Vilhjálmssonar héraðsdómslögmanns, að fjárhæð 1.250.000 krónur.

Ákærði Gunnar Már greiði í sakarkostnað 350.000 krónur vegna þóknunar skipaðs verjanda síns, Guðmundar Kristjánssonar hæstaréttarlögmanns.

Ákærði Markús greiði 400.000 krónur í sakarkostnað sem er þóknun verjanda hans, Unnars Steins Bjarndals héraðsdómslögmanns.

Ákærði Ólafur Darri greiði í sakarkostnað helming af 163.150 króna þóknun verjanda síns, Guðrúnar Sesselju Arnardóttur hæstaréttarlögmanns, og

helming af 500.000 króna þóknun verjanda síns, Stefáns Karls Kristjánssonar héraðsdómslögmanns, á móti helmingi sem greiðist úr ríkissjóði.

Ákærðu Andri og Gunnar Jóhann greiði óskipt í sakarkostnað 300.000 krónur vegna þóknunar réttargæslumanns, Gunnhildar Pétursdóttur héraðsdómslögmanns, og ákærði Ólafur Darri þar af 100.000 krónur óskipt með meðákærðu.

Sandra Baldvinsdóttir